# Barnaheill

Save the Children á Íslandi



2016

**Blað Barnaheilla – Ársrit júní 2016**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Útgefandi: Barnaheill - Save the Children á Íslandi – Ritstjóri: Sigríður Guðlaugsdóttir
Ábyrgðarmaður: Erna Reynisdóttir – Forsíðumynd: Ragnheiður Arngrímsdóttir – Myndin er af börnum á Vináttuleikskólanum Grænatúni í Kópavogi. – Myndir á innsíðum: Barnaheill - Save the Children – Prentvinnsla: Litróf – umhverfisvæn prentsmiðja – ISSN 1021-7134

# EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns ..... 5
Framtíðarmarkmið okkar ..... 6
Viðurkenning Barnaheilla ..... 8
Hrafn Jökulsson ..... 9
Framtíðin hefst núna ..... 12
Kvikmynd um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna ..... 12
Memo frá Ítalíu ..... 13
Hjólasöfnun ..... 15
Bætt geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn ..... 16
Öryggi yfirfarið í íbúð fyrir langveik börn ..... 16
Áskorun á stjórnvöld um gjaldfrjálsan grunnskóla ..... 17
Vinátta: Árangur í baráttunni gegn einelti byggist á forvörnum ..... 18
Kópavogsbær forgangsraðar í þágu barna ..... 21
Vinátta þyrfti að vera í öllum leikskólum landsins ..... 22
Tónlist getur haft mikil áhrif ..... 23
Dr. Sigrún Júlíusdóttir: Það má koma í veg fyrir mikinn sársauka og skaðsemi fyrir börn ..... 24
Sjálfstæður réttur barna til beggja foreldra ..... 25
Ég fékk ekki að elska pabba minn ..... 27
Barnaheill vara við frjálsri verslun með áfengi ..... 28
Ábendingalína ..... 29
Erlent starf ..... 30
Flóttamannavandinn ..... 30
Raunveruleiki flóttabarna ..... 31
Talsmenn barna ..... 32
Icelandair Group endurnýjar samning ..... 34
Syngjum saman – stöndum saman ..... 35
Óskir íslenskra barna ..... 36
Vinir Ferguson gegn einelti ..... 37
Fjáröflun ..... 38
Helle Thorning-Schmidt ráðin framkvæmdastjóri Save the Children ..... 40
Við erum Barnaheill ..... 41






Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá: 6.990.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
| --- | --- | --- |
| Fiskislóð 1 | Tryggvabraut 1-3 | Mán.-fös. 10-18 |
| Sími 580 8500 | Sími 460 3630 | Lau. 10-16 |

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



# VINÁTTA OG INNRI LÍÐAN BARNA MIKILVÆG

Ágæti lesandi.

Blað Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er nú komið út fjórða árið í röð. Efni þess er að vanda yfirlit yfir verkefni og störf samtakanna. Í ár er blaðið tileinkað Vináttu, forvarnarverkefni samtakanna gegn einelti fyrir leikskóla. Í Vináttu er hugað að góðri innri líðan barna svo þau séu sem best undirbúin undir lífið. Með því að kenna börnum að koma fram við hvert annað af virðingu og kurteisi er þeim hjálpað að byggja upp sjálfsvirðingu og sjálfstraust. Markmiðið er að sem flestir komi út í lífið með sterka og heilbrigða sjálfsmynd og líði vel í eigin skinni. Þeim sem það gera eiga oft auðvelt með að eiga góð samskipti og setja sig í spor annara, bera virðingu fyrir séreinkennum og geta gefið og glatt án skilyrða. Viðurkenningahafa Barnaheilla eru meðal annars gerð skil í blaðinu, en að þessu sinni hlaut Hrafn Jökulsson viðurkenninguna. Hrafn, ásamt félögum í skákfélaginu Hróknum, hefur verið óþreytandi að kenna börnum á Íslandi og Grænlandi skák. Í félagi við KALAK, vinafélag Íslands og Grænlands, hafa þeir boðað fagnaðarerindi skákíþróttarinnar og vináttu meðal Austur-Grænlendinga. Er þeim þakkað fyrir ómetanlegt framlag þeirra í þágu barna á Íslandi og Grænlandi.

Samtökin okkar hafa vaxið og dafnað frá stofnun árið 1989. Fjárhagsstaða Barnaheilla er góð sem skilar sér í metnaðarfullum verkefnum í þágu þeirra sem samtökin þjóna, barnanna sjálfra. Mörg járn hafa verið í eldinum síðastliðið ár, innlend sem og erlend verkefni. Af erlendum verkefnum hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi stutt neyðaraðstoð við sýrlenska flóttamenn. Rauði þráðurinn á innlendum og erlendum vettvangi hefur verið og verður áfram að berjast gegn ofbeldi á börnum og tryggja þeim réttindi sín. Ráðgjöf, lagaumsagnir, fræðsla og samstarf við önnur félagasamtök eiga drjúgan þátt í verkefnum samtakanna og hafa frá upphafi verið fastur liður í starfi þeirra.

Barnaheill hafa frá stofnun árið 1989 verið hluti af alþjóðasamtökum Save the Children. Þau hafa nú 30 landsdeildir og starfa í yfir 120 löndum. Í október síðastliðnum bauð þýska landsskrifstofan formönnum aðildarlandanna í heimsókn á aðalskrifstofuna í Berlín. Formenn frá 16 löndum, þar á meðal Íslandi, sáu sér fært að þiggja boðið. Þarna gafst tækifæri til að bera saman bækur, gefa og þiggja ráð og skiptast á hugmyndum og upplýsingum.

Þrátt fyrir sleitulaust starf Barnaheilla og annarra sambærilegra samtaka virðist neyð barna fara vaxandi með ári hverju. Ekkert lát er á straumi flóttamanna til Evrópu, þar á meðal flóttabarna sem misst hafa ekki einungis báða foreldra heldur einnig nánustu fjölskyldu. Þörfin fyrir samtök eins og okkar hefur líklega aldrei verið jafn mikil og um þessar mundir.

Segja má að íslensk börn hafi það vissulega gott í samanburði við milljónir barna sem búa við framangreinda neyð. Í velmegunarlandi eins og okkar ættu öll börn og fjölskyldur þeirra að geta haft það gott. En þannig er það því miður ekki. Á Íslandi búa börn sem líða skort af ýmsu tagi. Við viljum stuðla að jöfnum tækifærum barna á öllum sviðum og höfum hvatt ráðamenn og almenning til að vera vakandi fyrir allri mismunun. Börnin sem fá „færri tækifæri“ eru oft börn efnaminni foreldra sem stundum búa ekki við stöðugleika eða foreldra sem hafa orðið fyrir áföllum sem kippt hafa undan þeim fótunum. Þessar fjölskyldur glíma sumar hverjar við húsnæðisvanda, eru í orðsins fyllstu merkingu „á flakki“ og eiga jafnvel ekki möguleika á að ná endum saman svo mánuðum eða árum skiptir.

Meðal þess sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á er að hlustað sé á börnin og því sem þau kalla eftir. Hverjar eru óskir barna og hvaða hugmyndir hafa þau sjálf að lausnum fyrir sig? Á vegum samtakanna starfar ungmennaráð sem er eins konar brú milli hinna fullorðnu og barnanna. Verkefni ungmennaráðsins er meðal annars að hvetja börn til að vera áhrifavaldar í málum sem þau varða og taka þátt í að móta það umhverfi sem þau lifa í þegar þau hafa aldur og þroska til.

Að lokum vil ég færa öllum þeim sem styrkt hafa starf samtakanna með einum eða öðrum hætti innilegar þakkir. Sérstakar þakkir fær Vigdís Finnbogadóttir, verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, en hún hefur veitt samtökunum ómetanlegan stuðning og hvatningu allt frá stofnun þeirra. Barnaheill þakka einnig samstarf við fyrirtæki og félagasamtök. Ég vil þakka fyrrverandi og núverandi stjórnarmeðlimum og starfsfólki störf þeirra og síðast en ekki síst sérstakar þakkir til allra þeirra sem lögðu hönd á plóg við útgáfu blaðs Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2016.

Góðar stundir.

**Kolbrún Baldursdóttir**
formaður Barnaheilla
– Save the Children á Íslandi




# FRAMTÍÐARSÝN OKKAR

**Við hjá Barnaheillum segjum gjarnan að það þurfi þjóð til að vernda barn. Til þess að barn geti notið besta mögulega umhverfis þurfum við fullorðna fólkið að standa vörð um réttindi þess og tryggja því líf sem færir því tækifæri til mennta, heilbrigðis, verndar og mannsæmandi lífs. Um þetta snýst starf okkar.**



Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru hluti af alþjóðasamtökum Save the Children sem samanstanda af 30 landsfélögum með starfsemi í yfir 120 löndum. Stefnumótunarvinna fer fram með reglulegu millibili og er þá horft annars vegar til þriggja ára og hins vegar til lengri tíma. Tímalína fylgir markmiðum Sameinuðu þjóðanna og nú líta samtökin til ársins 2030 í samræmi við þróunarmarkmiðin sem samþykkt voru á allsherjarþingi SÞ í september 2015.

Yfirskrift langtímamarkmiða Save the Children er SURVIVE – LEARN – BE PROTECTED eða AÐ LIFA AF – LÆRA – NJÓTA VERNDAR og snúast um að ekkert barn deyi af viðráðanlegum orsökum fyrir fimm ára aldur, að öll börn fái notið gæðagrunn-menntunar og að ofbeldi gagnvart börnum verði ekki liðið.

Barnaheill eru nú undir handleiðslu Hrannar Pétursdóttur ráðgjafa að vinna í stefnumótun og hafa horft til markmiða alþjóðasamtakanna við mótun stefnu og markmiða samtakanna hér heima til næstu þriggja ára. Til viðbótar viljum við einnig vekja athygli á rétti barna til að tjá sig um mál sem þau varða og hafa áhrif. Þegar þessi orð eru rituð er stefnumótunin enn í vinnslu. Áherslan í starfi samtakanna verður þó áfram á íslensk börn en Barnaheill vilja jafnframt taka þátt í starfi alþjóðasamtakanna til að styðja þau börn sem minnst mega sín í heiminum.

Markmiðum þessum ætlum við hjá Barnaheillum að ná með því að vinna í samvinnu við stjórnvöld og aðra opinbera aðila, félagasamtök og samfélagið allt að velferð barna á þessum sviðum. Barnaheill vilja vera leiðandi í fræðslu og forvörnum, vera helsti talsmaður réttinda og hagsmuna barna og stuðla að valdeflingu og sjálfseflingu barna.

Málsvarahlutverk Barnaheilla er mikilvægt þegar kemur að því að tryggja að öll börn eigi jöfn tækifæri hvort sem er til lífs, þroska, menntunar eða tómstunda. Orð eru til alls fyrst og þannig hafa mörg áhrifarík verkefni samtakanna farið af stað. Barnaheill munu áfram standa vaktina í þágu barna með því að vekja máls á því hvað betur megi fara í þeim efnum. Það gerum við með greinaskrifum, ályktunum og áskorunum, umsögnum um lagafrumvörp og áætlanir. Öflugt ungmennaráð starfar einnig innan samtakanna með það að markmiði að stuðla að bættum hag barna, hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta samfélagið sem þau eru hluti af. Ungmennaráðið er því bæði mikilvægur og öflugur málsvari barna á Íslandi.

Vináttuverkefni Barnaheilla er eitt helsta verkfæri samtakanna til að taka þátt í að útrýma einelti á Íslandi. Verkefnið hefur nú náð töluverðri útbreiðslu um land allt og er þegar farið að hafa áhrif í þeim leikskólum



sem það er unnið í. Við sjáum fyrir okkur að Vinátta verði í notkun í sem flestum leikskólum landsins innan þriggja ára. Á árinu 2016 vinnum við einnig að undirbúningi á efni fyrir yngstu bekki grunnskóla. Stefnan er sett á að byrja tilraunakennslu á grunnskólaefninu árið 2017.

Sýrlensk börn og fjölskyldur þeirra hafa verið okkur mikið áhyggjuefni og verða áfram í forgrunni þegar kemur að stuðningi Barnaheilla við neyðaraðstoð erlendis. Því miður virðist enginn endir vera í sjónmáli á þeim hörmungum sem sýrlensk börn þurfa að búa við, hvort sem er innan landamæra Sýrlands né í flóttamannabúðum í löndunum í kring. Sem betur fer kemst hluti þessara barna til landa þar sem þeim er veitt vernd og skjól. Alltof mörg þeirra búa hins vegar við óviðunandi aðstæður og við munum áfram styðja við þau í gegnum alþjóðasamtökin með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu.

Barnaheill munu taka þátt í nýrri herferð alþjóðasamtakanna Every Last Child sem snýst um vitundarvakningu um aðstæður barna sem minnst mega sín og er mismunað vegna þátta á borð við fötlun, uppruna, kyn, fátækt eða trú. Samtökin leggja hvað mesta áherslu á að ná til þessara barna og styðja þau. Til að vita hvar þessi börn eru létu samtökin gera úttekt sem birt er í ítarlegri skýrslu Save the Children frá aprílmánuði 2016. Skýrslan, sem ber nafnið *The Children the World Chooses to forget* eða *Börnin sem heimurinn kýs að gleyma*, verður notuð til grundvallar þeirri vinnu sem framundan er hjá samtökunum við að styðja við þau börn sem minnst mega sín. Á Íslandi munum við jafnframt hafa skýrsluna til grundvallar ákvarðanatöku um verkefni.

Framtíðarsýn okkar hjá Barnaheillum er heimur þar sem sérhvert barn fær uppfylltan rétt sinn til lífs, menntunar, verndar og að láta rödd sína heyrast. Okkar markmið er að vinna að því og það munum við gera um ókomna tíð.

**Erna Reynisdóttir**
framkvæmdastjóri Barnaheilla –
Save the Children á Íslandi

1800

Eitt símanúmer
í öll símanúmer

# VIÐURKENNING BARNAHEILLA





**Hrafn Jökulsson hlaut Viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2015. Hrafn er landsþekktur rithöfundur, eldhugi og stofnandi skákfélagsins Hróksins. Áhersla hans á vináttu og á að valdefla börn og styrkja þau félagslega samræmast áherslum Barnaheilla á mannréttindi barna.**

Hrafn og félagar hans í Hróknum hófu „skáklandnám“ á Grænlandi árið 2003 og hafa í rúmlega 40 ferðum kennt grænlenskum börnum skák og gefið þeim gjafir á borð við taflsett, fatnað og aðrar nauðsynjavörur. Sama ár hófu þeir einnig að heimsækja vikulega börn á Barnaspítala Hringsins í þeim tilgangi að tefla við þau. Þá hefur KALAK vinafélag Grænlands og Íslands, þar sem Hrafn situr í stjórn, staðið fyrir því að grænlenskum börnum sé boðið í tveggja vikna ferðir til Íslands til að læra að synda.



Barnaheill veita árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra í tengslum við afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Viðurkenningin er afhent til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Barnasáttmálinn er leiðarljós í öllu starfi samtakanna.



Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls. Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla flutti ávarp auk þess sem Herdís og Ingibjörg Kristjánsdætur Linnet, fulltrúar í ungmennaráði Barnaheilla, ávörpuðu samkomuna og fluttu tónlistaratriði. Einnig fluttu tónlistaratriði Halldór Jakobsson, 15 ára gítarnemi í Listaskóla Mosfellsbæjar, og Saga Matthildur Árnadóttir, sem stundar söngnám við FÍH. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna stýrði athöfninni.







# HRAFN JÖKULSSON



***Jóhanna Engilráð Hrafnsdóttir**, yngsta dóttir viðurkenningahafans, með pabba sínum í garði ömmu sinnar stuttu áður en hún varð 7 ára gömul.*

**Hrafn Jökulsson hefur brunnið fyrir skáklistina allt frá barnsaldri og í gegnum hana fann hann einnig farveg fyrir að láta gott af sér leiða og efla mannréttindi barna. Þar fetar hann einnig í fótspor móður sinnar, Jóhönnu Kristjónsdóttur, sem hann segir sína helstu fyrirmynd.**

Mannganginn lærði Hrafn einungis sex eða sjö ára gamall þegar hann byrjaði að tefla við Höskuld Skarphéðinsson, skipherra með meiru, og Guðmund Jónsson, óðalsbónda í Stóru-Árvík.

„Höskuldur var stjúpfaðir minn á þessum árum og Hermann sonur hans var helsti skákfélagi minn. Við gátum verið dögum saman að leiða eina skák til lykta. Svo var ég ungur sendur í sveit á Strandir norður, og þá var oft gripið í tafl þegar þokan og súldin lágu yfir. Mér fannst þetta snemma heillandi leikur, og hreifst af hinum endalausu möguleikum.“

Hrafn var einn glaðbeittra fastagesta á Grandrokk við Klapparstíg um árabil undir lok síðustu aldar, en þangað á skákfélagið Hrókurinn rætur sínar að rekja; „Þetta var tvímælalaust skemmtilegasta knæpa bæjarins, sótt af bóhemum, bófum, ráðherrum og rónum, skákmönnum og skemmtikröftum. Og þarna stofnuðum við skákfélagið í bríarí eitt föstudagskvöldið og ákváðum að senda lið til keppni á Íslandsmóti skákfélaga. Við settum okkur það markmið að byrja í 4. deild og komast á minnsta mögulega tíma upp í 1. deild og verða Íslandsmeistarar. Þetta var ævintýralegt ferðalag, úr myrkviðum neðstu deildar en við náðum takmarki okkar og urðum Íslandsmeistarar.“

Eftir að hafa unnið titilinn þrjú ár í röð ákváðu félagarnir að hætta sem keppnisfélag og einbeita sér að því að útbreiða fagnaðarerindið undir kjörorðum skákhreyfingarinnar: „Við erum ein fjölskylda.“ Hrókurinn heimsótti síðan hvert einasta sveitarfélag á Íslandi og alla grunnskólana.

„Við gáfum fimm árgöngum 8 ára barna frábæra skákbók, héldum fjölda alþjóðlegra skákmóta og efndum til fleiri viðburða en tölu verður á komið. Ég var kosinn forseti félagsins á stofnfundinum forðum og hef gegnt því embætti síðan. Ég gæti fyllt heilt tímarit með nöfnum þeirra sem hafa lagt málstaðnum lið gegnum árin, en nánsti samstarfsmaður minn og vinur frá upphafi er Róbert Lagerman, varaforseti Hróksins.“

## BARNASPÍTALI HRINGSINS

Það var sumarið 2003 þegar þeir félagarnir heimsóttu Barnaspítala Hringsins fyrst og ætluðu upphaflega einungis að gefa taflsett. „Heimsóknin var bara svo skemmtileg og hafði svo mikil áhrif á okkur að síðan höfum við Róbert komið þangað flesta fimmtudaga. Þetta er það verkefni sem okkur þykir hvað vænst um. Þarna höfum við kynnst mörgum ungum hetjum og áreiðanlega lært meira sjálfir en við höfum miðlað.“

## GRÆNLAND

„Eins og svo margt skemmtilegt var það hreinasta tilviljun að við fórum til Grænlands. Eftir að hafa heimsótt öll sveitarfélög á Íslandi var ég að hugsa um hvað ég vissi um skák á Grænlandi, okkar næsta nágrannalandi. Við komumst að því að skák var þar næstum óþekkt og ekkert skipulagt skáklíf.“ Félagarnir ákváðu að bæta úr því og héldu fyrsta alþjóðlega skákmót í sögu Grænlands sumarið 2003.

„Við kolféllum auðvitað fyrir þessu dásamlega landi og fólkinu sem þar býr, og þá varð ekki aftur snúið. Nú hefur Hrókurinn skipulagt um 50 heimsóknir, gefið þúsundir taflsetta, og stuðlað að stofnun taflfélaga og Skáksambands Grænlands. Starf okkar snýst alls ekki eingöngu um skákina, heldur að efla tengsl og styrkja vináttubönd milli landanna í norðri. Við erum heppnasta þjóð í heimi með nágranna og getum margt af Grænlendingum lært, á sama hátt og við höfum sitthvað fram að færa.“

## FATASÖFNUN OG FLEIRA FYRIR BÖRNIN Á GRÆNLANDI

Hrafn, Róbert og fleiri Hróksmenn eru virkir í starfi Kalak, vinafélags Íslands og Grænlands, sem árlega býður 11 ára börnum frá Austur-Grænlandi til Íslands að læra sund og kynnast íslensku samfélagi. Í gegnum það verkefni og hinar fjölmörgu heimsóknir til austurstrandarinnar hafa þeir eignast afar marga vini á öllum aldri. „Við fengum fyrir tveimur árum beiðni um að útvega föt fyrir börn í einu af þorpunum á Austur-Grænlandi, en þar eru lífskjör ólíkt verri en flestir Íslendinga eiga að venjast. Við ætluðum að senda nokkra kassa,

en verkefnið óx heldur betur. Við fengum börn í 10 grunnskólum útum allt til að safna, sömuleiðis lögðu fyrirtæki okkur lið og aragrúi einstaklinga, auk prjónahópa Rauða krossins og Gerðubergs. Við höfum nú sent mikið magn af vönduðum og góðum fatnaði til Grænlands og ætlum að halda því áfram með þetta mikilvæga og gefandi verkefni.“




## STAÐA GRÆNLENSKRA BARNA

„Grænlendingar, einsog aðrar þjóðir, glíma við margvísleg félagsleg vandamál sem snúa að börnum, allt frá skelfilega hárri sjálfsmorðstíðni síðustu áratugi til mikils brottfalls úr skólum. Þá er nöturleg staðreynd að mjög mörg börn geta af ýmsum ástæðum ekki dvalið hjá fjölskyldum sínum, og eru um lengri eða skemmri tíma hjá fósturfjölskyldum eða á sérstökum heimilum. Margir eru að vinna frábært og ómetanlegt starf til að bæta ástandið, en það tekur tíma. Og það er mikilvægt að við, vinir og velunnarar Grænlands, nálgumst þessi mál af varfærni og virðingu. Við eigum ekkert með að segja þeim, eða öðrum, fyrir verkum en við höfum af margvíslegri reynslu að miðla, og þar geta samtök á borð við Barnaheill gegnt afar þýðingarmiklu hlutverki.“

## FYRIRMYNDIN

Aðspurður að því hver sé hans helsta fyrirmynd svarar Hrafn um hæl: „Mamma er helsta fyrirmynd mín í lífinu. Þegar ég var að alast upp var hún formaður í Félagi einstæðra foreldra, og hún og félagar hennar lyftu Grettistaki í þeim málaflokki. Ég stóð varla úr hnefa þegar ég var byrjaður að afgreiða á flóamörkuðum og ganga í hús til að selja happdrættismiða, jólakort og merki. Ég velti stundum fyrir mér hvernig mamma fór að þessu -- hún var einstæð fjögurra barna móðir og rúmlega fullu starfi sem blaðamaður, en samt virtist hún hafa endalausan tíma til að vinna í þágu málstaðarins.“

Seinna fékk Hrafn að fylgjast með þegar móðir hans tók að sér upp á eigin spýtur að opna heilan menningarheim fyrir Íslendingum. Þetta gerði hún með skrifum um Arabaheiminn og Mið-Austurlönd, með stofnun Fatimusjóðsins og margvíslegu hjálparstarfi. „Mamma er kraftaverkakona sem lætur verkin tala.“

„Þegar ég var unglingur hugsaði ég mikið um hvernig hægt væri að bjarga heiminum, helst með einum fingursmelli. Með tímanum hefur mér lærst að það er dálítið tímafrekara, og að heiminum verður víst ekki bjargað í eitt skipti fyrir öll. Það skiptir mestu máli að byrja - og halda svo áfram, samanber hið fornkveðna: Sá sem bjargar einu barni, bjargar öllum heiminum.“

## SKYLDAN OG DRAUMURINN

Heilagasta skylda okkar sem samfélags að mati Hrafns er við börnin í þessum heimi. Öll börn. Börnin í Hringnum og börnin í Sýrlandi, börnin á Grænlandi og börnin í Afríku. „Ekkert þessara barna bað um að fæðast í heiminn og skylda okkar er einfaldlega sú að veita þeim öryggi, lífsgæði og gleði. Og sá sem skapar gleðistundir fyrir aðra fær þær margfalt til baka.“

„Við Hróksmenn eigum marga drauma. Og til þess að draumar rætist verður maður fyrst að láta sig dreyma, svo vitnað sé í orðskvið frumbyggja Ameríku. Við eigum okkur draum um að heimsækja sýrlenskrar flóttamannabúðir í Jórdaníu og við eigum okkur líka þann draum að komast til nyrsta þorps á Grænlandi, óravegu frá næsta byggða bóli. Okkur langar að færa börnunum á þessum stöðum gleði og afþreyingu, skák og skemmtun. Og ég veit að þetta mun takast, með góðra manna hjálp, því saman erum við sterkari.“

**Sigríður Guðlaugsdóttir**



Áskorun til stjórnvalda í tilefni af degi barnsins 2016:

# ÁSKORUN UM GJALDFRJÁLSAN GRUNNSKÓLA

Öll börn eiga rétt á grunnmenntun án endurgjalds samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest. Þar er jafnframt kveðið á um að ekki megi mismuna börnum sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, svo sem vegna efnahags.

Síðastliðið haust sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi frá sér áskorun til ríkis og sveitarfélaga um að tryggja öllum börnum gjaldfrjálsa grunnmenntun. Samtökin hvöttu þingmenn til að beita sér fyrir lagabreytingum sem tækju af öll tvímæli um að gjaldtaka væri óheimil og hvöttu sveitarfélög til að setja skýrar reglur þar að lútandi.

# BARNAHEILL ÍTREKA ÁSKORUN SÍNA FRÁ HAUSTINU 2015:

BARNAHEILL HVETJA ÞINGHEIM TIL AÐ GERA BREYTINGAR Á 31. GR. GRUNNSKÓLALAGA, ÞANNIG AÐ TEKIÐ VERÐI FYRIR ALLA GJALDTÖKU Á NÁMSGÖGNUM NEMENDA.

BARNAHEILL HVETJA STJÓRNVÖLD, BÆÐI RÍKI OG SVEITARFÉLÖG, AÐ SETJA SKÝRAR REGLUR UM AÐ ÓHEIMILT SÉ AÐ KREFJA FORELDRA UM INNKAUP Á GÖGNUM, GREIÐSLU FYRIR GÖGN SEM NOTA Á VEGNA SKÓLAGÖNGU BARNANNA EÐA FYRIR AÐRA STARFSEMI Á VEGUM SKÓLA.

BARNAHEILL HVETJA ALLA GRUNNSKÓLA TIL AÐ FINNA LEIÐIR TIL AÐ UPPFYLLA MARKMIÐ AÐALNÁMSKRÁR UM MENNTUN BARNANNA, ÁN ÞESS AÐ KREFJA FORELDRA UM GREIÐSLU Á HLUTA NÁMSGAGNA EÐA STARFSEMI Á VEGUM SKÓLA.

Skólinn er hornsteinn jafnræðis í samfélaginu. Gerum grunnskólann gjaldfrjálsan í raun og virðum þau réttindi sem öll börn eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Tryggjum þannig að börnum sé ekki mismunað vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra.

GJALDTAKA FELUR Í SÉR MISMUNUN FYRIR BÖRN OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA.

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Dagur barnsins er opinber íslenskur dagur helgaður börnum sem haldinn er síðasta sunnudag í maí ár hvert.

# FRAMTÍÐIN HEFST NÚNA



Fulltrúar í ungmennaráði Barnaheilla 2016 frá vinstri, Gunnar Ágústsson, Andri Snær Egilsson, Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, Berglind Egilsdóttir, Heiða Norðkvist Halldórsdóttir, Margrét Hlín Harðardóttir og Herdís Ágústa Linnet, formaður ungmennaráðsins.

Verkefni okkar í ungmennaráði Barnaheilla hafa á síðasta ári verið mjög fjölbreytt og skemmtileg. Í byrjun árs skrifuðum við til dæmis grein um hversu dýrt það er orðið fyrir börn að stunda tómstundir og hvernig það getur alið á mismunun meðal þeirra. Samkvæmt 31. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að stunda tómstundir óháð fjárhag foreldra þeirra. Þau eiga líka rétt á hvíld, tómstundum, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra – og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum. Við vitum að tómstundir hafa mikið forvarnargildi og börn kynnast þar mörgum af sínum bestu vinum. Þess vegna er mikilvægt að gera öllum börnum kleift að stunda tómstundir að eigin vali.

Í haust settum við á stofn heimanámshjálp í gegnum Facebook, en hún er ætluð börnum á grunnskólaaldri. Aðstoðin fer þannig fram að þeir sem eru í hópnum geta sent inn fyrirspurnir sem meðlimir ráðsins svara eftir bestu getu, eða benda á góðar glósur eða efni sem gæti nýst. Hjálp verður veitt bæði á íslensku og ensku og ætti að nýtast öllum vel, sérstaklega börnum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

Fulltrúar ungmennaráðsins sóttu fund ungmennaráða Save the Children á Norðurlöndunum í Malmö, í mars síðastliðnum, og fóru einnig til Kaupmannahafnar í lok maí. Þetta er hluti af norrænu samstarfi ungmennaráða Save the Children International á Norðurlöndunum. Ásamt þessu sátu meðlimir ráðsins ráðstefnur á vegum Menntamálastofnunar og Velferðaráðuneytisins þar sem fjallað var um menntamál, vímuefni og ofbeldi gegn börnum. Ráðstefnur af þessu tagi eru mikilvægur vettvangur til að koma röddum og skoðunum ungs fólks á framfæri og við væntum þess að verða meiri þátttakendur á fleiri sviðum í framtíðinni. Gott og fjölbreytt starf byggist þó ávallt á framlagi einstaklinga í ráðinu og við fögnum því að hafa vaxið á síðastliðnum tveimur árum og erum nú orðin um 15 talsins.

Við erum flest sammála því að raddir barna skipti máli. Þær skipta jafn miklu máli og raddir ráðamanna, kennara, lækna og annarra einstaklinga. Ungmennaráðið er frábær vettvangur fyrir börn og ungmenni til þess að hafa áhrif á samfélag sitt og láta í sér heyra - en það er ekki nóg að ungmennaráð starfi að þessum málum og gefi út skoðanir sínar. Það verður að vera vettvangur í samfélaginu til að taka á móti þeim eins og í skólum, á Alþingi, í starfi sveitarfélaga, o.s.frv. Það er afar mikilvægt að þar sem ákvarðanir eru teknar um líf barna, vinni börn og fullorðnir saman og að börn geti sagt það sem þeim býr í brjósti, fylgst með og verið hluti af ákvarðanaferlinu. Í langflestum sveitarfélögum starfa núorðið ungmennaráð. Nemendaráð eru í skólum og þróunin er vissulega í rétta átt. Því miður eru þó enn stórar ákvarðanir teknar í samfélagi okkar sem varða börn þar sem þau eru ekki höfð með í ráðum. Í 12. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem íslensk stjórnvöld hafa lögfest, segir að börn eigi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum þeim málum er þau varða. Um leið og við fögnum mikilvægum skrefum í þessa átt minnum við ráðamenn á að enn vantar upp á að þessi ákvæði séu uppfyllt almennt.

**Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet**
formaður ungmennaráðs Barnaheilla

## Kvikmynd um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

# RÉTTUR BARNA TIL LÍFS OG ÞROSKA

Vorið 2014 komu þrjú ungmennaráð saman til þess að ákveða hvernig best væri að halda upp á 25 ára afmæli Barnasáttmálans síðar á árinu. Þetta voru ungmennaráð Barnaheilla, UNICEF og ráðgjafahópur umboðsmanns barna. Upp komu margar skemmtilegar hugmyndir eins og að halda tónleika, skrifa greinar í blöð, halda stuttmyndakeppni eða einfaldlega að búa til stuttmynd. Hugmyndin að gera stuttmynd var samþykkt og allir fóru glaðir heim. Það sem marga grunaði þó ekki var hversu gífurlega mikil vinna var fólgin í því að framkvæma þessa frábæru hugmynd.



Sumarið 2014 hófst vinna við handritsgerð. Undirrituð ásamt Söru Mansour, formanni ungmennaráðs UNICEF, gerðu drög að handriti. Við vildum sýna veruleika íslenskra barna og varpa ljósi á að oft á tíðum er börnum sýnd óvirðing af fullorðnum og ekki er hlustað á það sem þau hafa að segja. Handritið inniheldur bæði leikin atriði og viðtalssenur þar sem fólk er spurt út í sáttmálann og fleira sem tengist börnum. Handritið var síðar borið undir Ívar K. Ívarsson, kvikmyndagerðamann. Í því er fylgst með lífi tveggja barna, Hilmari og Andreu. Andrea býr við góðar aðstæður en Hilmar við vanrækslu og óreglu. Í

# MEMO FRÁ ÍTALÍU

Í byrjun júlí 2015 fór ég ásamt Margréti Júlíu Rafnsdóttur til Rómar á vegum Barnaheilla - Save the Children á Ítalíu. Samtökin buðu okkur að koma og skoða starf þeirra úti, og þá sérstaklega sumarskólann SottoSopra sem er á þeirra vegum. Um er að ræða sumarskóla sem starfar víðsvegar um Ítalíu. SottoSopra starfar eftir 12. grein Barnasáttmálans sem snýst um að börn eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum þeim málum er þau varða og að tekið sé tillit til skoðanna þeirra miðað við aldur þeirra og þroska. Aðaláhersla SottoSopra er lögð á þátttöku barna í samfélaginu.

Við fulltrúar frá ungmennaráðum í Svíþjóð, Bosníu, Albaníu og Íslandi hittumst að morgni 1. júlí og kynntumst aðeins áður en við fórum saman með rútu í sumarskólann þar sem ítölsku krakkarnir tóku á móti okkur. Okkur var fagnað með skemmtiatriðum sem voru í senn skemmtileg, þroskandi og lærdómsrík, því þau fjölluðu um og gengu út á framkomu fólks hvert við annað og umburðarlyndi sem allir ættu að sýna öðrum. Eftir þessar flottu móttökur var okkur skipt niður í umræðuhringi þar sem við skrifuðum niður og deildum með öðrum svörum okkar og skoðunum á ýmsum spurningum sem tengdust áhrifum barna og fleiru. Þetta kom huganum á flug og var mjög skemmtilegt, því allir voru svo frjóir og hugmyndaríkir. Eftir þetta var okkur skipt niður í hópa, en nú átti ég að kynna ungmennaráðið okkar fyrir krökkunum í SottoSopra, segja frá starfi okkar og áherslum. Ítölsku krakkarnir kynntu svo SottoSopra fyrir okkur hinum. Eftir hádegismat tókum við annan umræðuhring og svo fengum við frjálsan tíma. Um kvöldið voru svo skemmtilgir tónleikar þar sem spiluð var afríkönsk þjóðlagatónlist og dansað. Ég mun seint gleyma þessum degi, því hann vars svo ótrúlega lærdómsríkur og skemmtilegur.



Daginn eftir, 2. júlí, funduðum við krakkarnir úr ungmennaráðunum frá Íslandi, Svíþjóð, Bosníu og Albaníu, þar sem við kynntum starf okkar hvert fyrir öðru. Eftir þennan fund fórum við saman að skoða Colosseum, en það var svo það síðasta sem við gerðum saman í þessari ferð. Í ferðinni var helst rætt um hvernig ætti að taka á ýmsum vandamálum tengdum börnum og hvernig ætti að virkja börn til þátttöku í slíkum málum. Það sem stendur upp úr er kannski það hvað allir, ungir sem aldnir, eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til þess að velferð barna í samfélaginu verði sem mest. Þetta var einstaklega lærdómsrík ferð þar sem sérstaklega var áhugavert að upplifa mikilvægi þess að tengja samtök ólíkra landa, miðla upplýsingum og læra af reynslu annarra.

**Ingibjörg Ragnheiður Linnet**
fulltrúi í ungmennaráði Barnaheilla





handritinu eru einnig senur með íþróttaþjálfara sem kemur illa fram við börn. Við snúum hlutverkunum við og látum börn leika fullorðna og fullorðna leika börn, til dæmis í bakaríi, þar sem sá fullorðni fær slæma þjónustu og svo framvegis. Ívari leist vel á handritið og sá fyrir sér flotta mynd. Þó var margt sem mátti bæta, eins og gengur og gerist. Næst var talað við nemendur á listabraut Borgarholtsskóla, sem myndu sjá um eftirvinnslu myndarinnar. Handritið var endurbætt og tökur hófust sumarið 2015.

Við auglýstum eftir leikurum á netinu og um hundrað umsóknir bárust. Tökur gengu að jafnaði mjög vel og útkoman var góð. Það sem kom mér þó mest á óvart var allur tíminn sem fór í tökurnar. Sena sem tekur um það bil 3 mínútur í sýningu, var kannski heila 3 tíma í upptökum.

Eftir tökurnar tók við eftirvinnsla sem hefur verið í gangi frá haustinu 2015. Kristinn Sigmarsson og Guðlaugur Andri Eyþórsson úr Borgarholtsskóla hafa leitt þá vinnu. Á þessum lokaspretti kom ýmislegt í ljós, bæði jákvætt og neikvætt, en ljóst var að það þyrfti að bæta við senum þar sem fólk ræddi senur myndarinnar. Bæði til að fylla betur upp söguþráðinn og til þess að hann væri skýrari. Þá gengum við í að fá til liðs við okkur 'viðtalshópa', meðal annars hóp unglinga, eldri borgara og sérfræðinga í réttindum barna.

Myndin er nú næstum tilbúin til sýningar og þó ég segi sjálf frá þá lítur hún mjög vel út. Aðeins er eftir vinnsla á grafík áður en við afhendum myndina til RÚV þar sem ég vona að hún verði sýnd sem fyrst.

Þetta ferli hefur verið mjög lærdómsríkt, bæði erfitt en einnig skemmtilegt og gefandi. Ekki datt mér í hug þegar ég byrjaði í ungmennaráði Barnaheilla að ég myndi verða skrifta kvikmyndagerðamanns, handritshöfundur og aðstoðarleikstjóri á tökustað.

**Herdís Ágústa Kristjánsdóttir Linnet**


Framtíðin er
full af möguleikum
Öllum þykir gaman að velta fyrir sér hvað framtíðin muni færa þeim af spennandi viðfangsefnum og áskorunum.
Okkar hlutverk er að auðvelda þér að leggja grunn að farsælli framtíð með traustri fjármálaráðgjöf.
Kynntu þér það sem við höfum að bjóða á arionbanki.is eða komdu við hjá okkur til að ræða þína framtíð.
Arion banki
– fyrir framtíðina
2026
Peace Priz
Þórdís
Ragnarsdóttir
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 15-1856

# HJÓLASÖFNUN BARNAHEILLA 2016



Fimmtu Hjólasöfnun Barnaheilla lauk í maí. Um 250 börn nutu góðs af söfnuninni þetta árið, börn sem annars hefðu ekki haft tækifæri að eignast hjól.

Sem fyrr er Hjólasöfnunin samstarfsverkefni Barnaheilla og Æskunnar – barnahreyfingar IOGT. Verkefnið gengur út á að almenningur fari með ónotuð hjól á næstu endurvinnslustöð Sorpu þar sem þeim er safnað saman. Hjólin eru yfirfarin og viðgerð áður en þeim er úthlutað til barna í samstarfi við félagsþjónustur og grunnskóla landsins sem og Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd.




Velvild almennings var mikil eins og áður en alls söfnuðust yfir 500 hjól í ár. Þau voru í misjöfnu ástandi en fjölbreyttur hópur sjálfboðaliða tók að sér að gera við þau undir styrkri stjórn sérfræðinga í reiðhjólaviðgerðum. Það er skemmtilegt að segja frá því að hópur starfsmanna Íslandsbanka veitti Barnaheillum „Hjálparhönd" en bankinn býður starfsmönnum sínum að verja vinnudegi í þágu góðs málefnis. Barnaheill nutu svo sannarlega góðs af því. Framlag sjálboðaliða er ómetanlegt í verkefni sem þessu.

Þau hjól sem gengu af voru gefin ýmsum góðgerðasamtökum og loks var restin seld til styrktar verkefninu.

Auk ofantaldra samstarfsaðila hafa margir lagt verkefninu lið og er þeim þakkað innilega fyrir þeirra framlag. Meðal þeirra eru Fasteignafélagið Eik og Sorpa, Íslenska gámafélagið, Gámaþjónustan, Pósturinn, Póstdreifing, N1 og Flytjandi sem sá um hina ýmsu flutninga á hjólum. Dominos pizza, Subway og Ölgerðin sáu sjálfboðaliðum fyrir næringu. Verslanirnar Intersport, Útilíf, GÁP, Örninn, Everest og Markið lögðu til varahluti og TRI verslun gaf hjálma að ógleymdum Kiwanis klúbbunum í Hafnarfirði.

**Björg Jónsdóttir**
verkefnastjóri hjólasöfnunarinnar 2016.

# BARNAHEILL ÞRÝSTA Á UM BÆTTA GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU FYRIR BÖRN

**Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á að njóta bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu og besta mögulega heilsufars. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa tekið virkan þátt í að þrýsta á um að geðheilbrigðisþjónusta við börn verði efld verulega, en mörg undanfarin ár hafa mannréttindi barna með hegðunarvanda, geðrænan vanda og taugaþroskaraskanir verið þverbrotin vegna skorts á fullnægjandi viðbrögðum stjórnvalda við endurteknum ábendingum um galla innan geðheilbrigðiskerfisins.**

Meðal þess sem Barnaheill hafa lagt af mörkum er þátttaka í undirbúningi við gerð stefnu og aðgerðaáætlunar í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára. Fulltrúi samtakanna sat í vinnuhópi á vegum Velferðarráðuneytisins um geðrækt og forvarnir. Í desember 2015 sendu Barnaheill umsögn til Alþingis um þingsályktunartillögu um stefnuna og aðgerðaáætlunina þar sem hvatt var til þess að brugðist yrði við bráðum vanda í geðheilbrigðisþjónustu við börn. Þingsályktunartillagan var afgreidd þann 29. apríl síðastliðinn án þess að gera þar ráð fyrir sérstökum aðgerðum vegna hins bráða vanda.

Frá vori 2015 hafa Barnaheill átt samstarf við hóp annarra hagsmunaaðila, að frumkvæði SAMFOKs um að þrýsta á um að uppfylla ákvæði Barnasáttmálans og annarra laga, útrýma biðlistum eftir greiningum og þjónustuúrræðum, að auka sérfræðiþjónustu í skólum og tryggja að stefnan um skóla án aðgreiningar gagnist öllum börnum eins og henni er ætlað að gera. Samstarfið hefur verið viðvarandi síðan, en í kjölfar áskorunar sem hópurinn sendi frá sér í febrúar 2015 til alþingismanna, borgarfulltrúa og Sambands íslenskra sveitarfélaga, bauð Sambandið til samráðsfundar vegna barna í vanda í skólakerfinu. Helstu niðurstöður þess fundar voru þær að nú þegar lægju fyrir nægar upplýsingar til að byggja aðgerðir stjórnvalda og þjónustuaðila á, ekki væri þörf á frekari rannsóknum eða gagnaöflun til að hefjast handa við lagfæringar á kerfinu. Grípa þyrfti tafarlaust til aðgerða á grundvelli þeirrar vitneskju sem fyrir lægi. Á samráðsfundinum ákvað hópurinn að starfa áfram saman að málefninu og stóð hann fyrir málþingi í apríl 2016, undir yfirskriftinni ***Lausnaþing um málefni barna sem passa ekki í kassann***. Málþingið var afar vel sótt og hefur í kjölfarið verið fylgt eftir með samantekt sem send var til fjölmiðla. Skilaboðin sem hún bar með sér voru „það er ekki í boði að gefast upp“.

Í febrúar 2016 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga, annað og þriðja þjónustustig. Í þeirri skýrslu staðfestist það sem Barnaheill og önnur félagasamtök sem vinna að bættri geðheilbrigðisþjónustu við börn hafa lengi haft sterkan grun um, að nokkuð skorti á um að stjórnvöld bregðist nægilega vel við þjónustuþörf barna með geðheilsuvanda. Börn þurfa gjarnan að bíða lengi eftir greiningum og á meðan fara þau á mis við stuðning sem þau geta átt rétt á, á grundvelli greiningar, til að njóta besta mögulega lífs og þroska, menntunar, félagslegra tengsla og vellíðanar. Yfir 700 börn biðu eftir greiningum í nóvember 2015 samkvæmt skýrslu ríkisendurskoðunar og biðtíminn var sagður allt að 18 mánuðir. Barnaheill telja þann biðtíma óásættanlegan og hvetja stjórnvöld til að bregðast skjótt við og auka skilvirkni greiningaaðila með öllum tiltækum ráðum, svo sem með því að skýra skipulag og innleiða hlutlæg viðmið um biðtíma. Nýlega tjáði félagsmálaráðherra sig um málefnið í ræðu á ráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins þar sem hún sagði ótækt að kerfislægur vandi bitni á börnum með brýna þörf fyrir sérfræðiþjónustu. Vekur ræða ráðherra vonir um að breytingar séu í farvatninu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi munu halda áfram þrýstingi um að bæta geðheilbrigðisþjónustu við börn og skora á stjórnvöld að grípa strax í taumana með því að eyða biðlistum og stórefla þjónustu við börn sem eiga í vanda vegna hegðunarvanda, geðraskana eða taugaþroskaraskana. Barnaheill vilja leggja áherslu á að hvert barn skiptir máli og að ef barn fær ekki þá geðheilbrigðisþjónustu sem það þarf til að njóta menntunar, bitnar það verulega á lífi þess og jafnframt lífi aðstandenda og annarra barna umhverfis barnið sem ekki nýtur viðunandi þjónustu.

**Þóra Jónsdóttir**




## ÖRYGGI YFIRFARIÐ Í ÍBÚÐ FYRIR LANGVEIK BÖRN

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga íbúð við Skúlagötu 10 sem ætluð er fjölskyldum langveikra barna af landsbyggðinni. Á dögunum voru öryggismál í íbúðinni yfirfarin af sérfræðingi í öryggismálum, Gunnari Lárussyni. Í framhaldinu var leitað til Securitas um að styðja við málefnið og gefa öryggisbúnað sem vantaði í íbúðina. Var það auðsótt mál og fengu samtökin tvo reykskynjara, sjúkrapúða, eldvarnarteppi og slökkvitæki að gjöf frá Securitas. Gunnar tók einnig að sér að setja búnaðinn upp en þess má geta að hann gaf alla vinnu sína við úttektina og uppsetningu. Kunna samtökin bæði Gunnari og Securitas bestu þakkir fyrir stuðninginn.

### Áskorun á stjórnvöld: Innkaupalistar grunnskólabarna samræmast ekki lögum

# GRUNNSKÓLANEMENDUR GREIÐA MISMIKIÐ FYRIR NÁMSGÖGN

### – gerum grunnskólann gjaldfrjálsan í raun



**Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur hefur verið á Íslandi, eiga öll börn að hafa tækifæri til að lifa og þroskast og búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þeirra. Öll börn skulu njóta þessara réttinda og ekki má mismuna þeim sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, s.s vegna efnahags. Að búa við fátækt og geta af þeim sökum ekki notið tækifæra samfélagsins til jafns við aðra, jafnvel ekki heilsuverndar og menntunar, er því brot á mannréttindum barna.**

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á grunnmenntun án endurgjalds.

Í lögum um grunnskóla frá 2008 (nr. 91, 31. gr) kemur fram að kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skuli veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja þá eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efnisem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Þó kemur fram í lögunum að opinberum aðilum sé ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír, án þess að í raun sé skilgreint hvað persónuleg not þýðir. Að mati Barnaheilla eru öll gögn sem nemandi þarf að nota til skólagöngu sinnar hluti af námsgögnum, en ekki persónuleg gögn. Skólinn ætti því að útvega öll þau gögn sem hann telur nauðsynlegt að nemendur hafi tiltæk vegna náms, hvort sem það eru ritföng, pappír eða annað. Það að gera ráð fyrir að foreldrar greiði fyrir hluta námsgagna barnanna og senda út lista með með upplýsingum um þau gögn sem þarf að nota til skólagöngunnar, er í raun brot á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Haustið 2015 sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi frá sér áskorun til ríkis og sveitarfélaga um að tryggja öllum börnum gjaldfrjálsa grunnmenntun. Samtökin hvöttu þingmenn til að beita sér fyrir lagabreytingum sem tækju af öll tvímæli um að gjaldtaka væri óheimil og hvöttu sveitarfélög til að setja skýrar reglur þar að lútandi.

## MISMUNANDI KOSTNAÐUR EFTIR SKÓLUM

Töluverð umræða varð í samfélaginu í kjölfar áskorunar Barnaheilla og margir tóku undir hana. Samband íslenskra sveitarfélaga framkvæmdi í framhaldinu lauslega athugun á kostnaði nemenda vegna námsgagna. Skoðaður var kostnaður nemenda í 1., 4., 6., 8. og 10. bekk í u.þ.b. 100 grunnskólum af öllu landinu. Verðlagning eins fyrirtækis var höfð til hliðsjónar.



Athugunin leiddi í ljós mjög mismunandi kröfur skólanna um nauðsynleg gögn nemenda og þar af leiðandi afar mismunandi kostnað. Í 1. bekk var lægsta upphæðin 900 krónur og sú hæsta 12.000, í 4. bekk var sú lægsta 400 og sú hæsta 10.900, í 6. bekk 1.800 og 14.000, í 8. bekk 3.500 og 22.300 og í 10. bekk var kostnaðurinn minnst 3.100 krónur og mest 22.100. Gífurlegur munur er því á þeim kostnaði sem foreldrar bera á námi barna sinna eftir skólum og mismunun þar af leiðandi mikil. Foreldrar sem eru með þrjú börn í grunnskóla gætu þurft að greiða allt frá fáeinum þúsundum til tuga þúsunda fyrir námsgögn að hausti.

Slíkt er algjörlega óásættanlegt í samfélagi þar sem grunnskóli á lögum samkvæmt að vera gjaldfrjáls og getur verið þungur baggi fyrir marga foreldra. Þess má þó geta að sum sveitarfélög og skólar láta foreldra ekki greiða fyrir námsgögn og er það til fyrirmyndar.

## BARNAHEILL SKORA Á STJÓRNVÖLD

Barnaheill – Save the Children á Íslandi ítrekuðu áskorun sína í maí 2016 um að að 31. gr. grunnskólalaga verði breytt og tekið verði fyrir alla gjaldtöku, þannig að grunnskólinn verði í raun gjaldfrjáls eins og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnaheill vilja jafnframt hvetja stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög að setja skýrar reglur um að óheimilt sé að krefja foreldra um innkaup á gögnum, greiðslu fyrir gögn sem nota á vegna skólagöngu barnanna eða fyrir aðra starfsemi á vegum skóla. Barnaheill hvetja alla grunnskóla landsins til að finna leiðir til að uppfylla markmið aðalnámskrár um menntun barnanna, án þess að krefja foreldra um greiðslu á hluta námsgagnanna.

Núverandi fyrirkomulag felur í sér mismunun fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Gerum grunnskólann gjaldfrjálsan í raun og virðum þannig þau réttindi sem öll börn eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tryggjum jafnframt að börnum sé ekki mismunað vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra.

Sú úrelta hefð að senda út lista til foreldra yfir námsgöng sem þeir eiga að útvega að hausti hverju verður nú vonandi brátt aflögð með öllu.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**

# ÁRANGUR Í BARÁTTUNNI GEGN EINELTI BYGGIST Á FORVÖRNUM

**Vináttuverkefni Barnaheilla er forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Barnaheill framleiðir og gefur út efnið á Íslandi í samstarfi við systursamtök Barnaheilla í Danmörku, Red barnet – Save the Children og Mary Fonden samtökin, sem þróuðu og gáfu efnið fyrst út 2007. Efnið nefnist Fri for mobberi á dönsku. Auk Íslands og Danmerkur er efnið einnig í notkun í Grænlandi og Eistalandi og fleiri lönd eru með notkun þess í farvatninu. Efnið er einnig til fyrir yngstu bekki grunnskóla og stefna Barnaheill að því að grunnskólaefnið verði einnig tekið í notkun hér á landi á næsta ári.**

**Vinátta** byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu skólastarfi og eru jafnframt grunnurinn að verkefnum fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Verkefnin eru í verkefnatösku ásamt Blæ bangsa sem er táknmynd vináttunnar í verkefninu. Blær fylgja svo hjálparbangsar fyrir hvert barn sem vinnur með verkefnið í hverjum leikskóla.

Samkvæmt þeim rannsóknum sem Vinátta byggir á er einelti félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein eða samskipti, en ekki einstaklingsbundið vandamál. Vinátta leggur áherslu á gildi margbreytileikans og á styrkleika hvers einstakling, því einelti þróast í aðstæðum og umhverfi þar sem umburðarlyndi skortir gagnvart margbreytileikanum, gjarnan í umhverfi sem börn hafa ekkert val um að vera í og komast ekki burt úr, svo sem í skóla eða bekkjardeild. Vinátta leggur því áherslu á að skoða og vinna með hópinn sem heild, samskiptamynstur og skólabrag, en ekki einblína á að einhver sé slæmur og annar góður, ekki á geranda og þolanda.

Einelti getur þróast út frá aðstæðum sem í fljótu bragði virðast saklausar, eins og að skilja út undan í leik, eða vilja ekki leiða einhvern. Þegar tekist er á við þannig aðstæður er mikilvægt að að tryggja að allir komi út úr aðstæðum með reisn, en ekki séu búin til fórnarlömb og sökudólgar. Mikilvægt er að öll börnin fái tækifæri til að byggja upp sterka sjálfsmynd og samskiptahæfni og séu metin út frá eigin styrkleikum.

Rannsóknir í Danmörku sýna góðan árangur af Vináttu – *Fri for mobberi* og ánægju meðal starfsfólks, barna og foreldra. Starfsfólk telur verkefnið aðgengilegt, auðvelt að vinna með og ber árangur, börnin hafa öðlast meiri hæfni við að mynda tengsl, sýna tilfinningar og samkennd, að setja sér mörk og greina óréttlæti. Foreldrar eru mjög ánægðir með að



***Með okkar augum í vinastund*** *Á dögunum heimsótti Með okkar augum hópurinn leikskólann Kópahvol og tók þátt í vinastund. Tökulið frá RUV fylgdi hópnum og tók heimsóknina upp. Fyrirhugað er að sýna frá heimsókninni í sjónvarpinu. Þau Andri Freyr, Eiður, Katrín Guðrún, Skúli Steinar og Steinunn Ása lögðu Vináttuverkefninu lið í Jólapeysunni 2014 þegar safnað var fyrir verkefninu. Hér eru þau ásamt krökkunum á Kópahvoli.*




Vinátta
Fri for Mobberi

# EFNIÐ Í TÖSKUNNI

- **Blær bangsi:**

  **Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu. Blær minnir börnin á að gæta hvers annars vel og að vera góður félagi og hjálpar til við ýmis verkefni og faðmar, gleður og huggar börnin.**

- **Litlir bangsar:**

  **Litlir bangsar fyrir hvert og eitt barn sem tákna samfélag Vináttu.**

- **Leiðbeiningar:**

  **Þar er lýst bakgrunni Vináttu, fjallað um einelti á fræðilegan hátt og hvernig hægt sé að innleiða verkefnið í skóla. Í leiðbeiningunum er einnig að finna fjölda hugmynda að verkefnum til að vinna í leikskólanum, með börnunum, starfsfólki og foreldrum.**

- **Sögubók:**

  **Bangsinn hennar Birnu - og þrjár sögur til viðbótar um einelti. Í bókinni er fjallað af kímni, skilningi og jákvæðni um erfiðar aðstæður sem upp kunna að koma í daglegu lífi í leiskóla.**

- **Nuddhefti:**

  **Leiðbeiningar um nudd fyrir börn. Sögur sem eru lesnar upp og börnin og þau líkja eftir hreyfingum með því að nudda bak hvers annars.**

- **Samræðuspjöld:**
  **Á spjöldunum eru teikningar af raunverulegum aðstæðum sem komið geta upp og stuðlað að samræðum barnanna. Á bakhlið spjaldanna eru hugmyndir að spurningum eða umræðum.**

- **Klípusögur fyrir foreldra og starfsfólk:**

  **Klípusögurnar lýsa raunverulegum aðstæðum og stuðla að samræðum um þær aðgerðir sem hægt er að grípa til í daglegu lífi.**

- **Veggspjald:**

  **Til að hengja upp þar sem foreldrar koma, s.s. í anddyri leikskólans og/ eða inni á deildum. Á veggspjaldinu eru ráð til foreldra um góð samskipti.**

- **Tónlistardiskur með Vináttusöngvum og tónlistarhefti með nótum, textum og leikjum**

Vinátta byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu skólastarfi.

## Gildi vináttu eru:

**UMBURÐARLYNDI**

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

**VIRÐING**

Að viðurkenna og virða alla í hópnum og gildi margbreytileikans, að vera öllum góður félagi.

**UMHYGGJA**

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

**HUGREKKI**

Að hafa hugrekki til að bregðast við órétti og að geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti sem aðrir eru beittir.





verið sé að vinna með forvarnir gegn einelti strax í leikskóla.

Það eru hinir fullorðnu sem bera því ábyrgð á að ekki sé jarðvegur fyrir einelti í leikskólanum. Hinir fullorðnu eru jafnframt fyrirmyndir barnanna í orði og verki.

## ÚTGÁFUGLEÐI VINÁTTU

Vináttuverkefninu var formlega hleypt af stokkunum þann 25. febrúar með útgáfugleði í leikskólanum Kópahvoli í Kópavogi. Þá var verkefnið tilbúið til notkunar fyrir alla leikskóla á Íslandi eftir þróunarvinnu í sex leikskólum í jafnmörgum sveitarfélögum frá haustinu 2014.

Á útgáfugleðinni var efnið kynnt, bæði nýtt og endurgert efni. Þar má nefna tónlistardisk sem Ragnheiður Gröndal og Stefán Örn Gunnlaugsson syngja inn á. Þau fluttu efni af disknum ásamt börnum á leikskólalum Kópahvoli. Rakel Ýr Ísaksen leikskólakennari las úr nýrri sögubók Vináttu, Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra ræddi um mikilvægi vináttunnar, Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi sagði frá þátttöku Kópavogs í verkefninu, frumsýnt var nýtt kynningarmyndband og undirrituð, verkefnastjóri Vináttu hjá Barnaheillum, kynnti verkefnið stuttlega.

Nú hafa 24 leikskólar bæst í hóp þeirra sex sem unnu með efnið í tilraunaskyni frá haustinu 2014.

Alls taka því nú 30 leikskólar þátt í Vináttuverkefninu og hafa meira en 200 starfsmenn leikskóla sótt Vináttunámskeið á vegum Barnaheilla og fengið námsefnið, tösku með fjölbreyttu efni, afhent. Fleiri leikskólar munu hefja þátttöku haustið 2016. Einn eða fleiri starfsmenn leikskóla þurfa að fara á námskeið til að leikskóli fái efnið til notkunar.

Leikskólar sem vilja taka þátt í verkefninu hafi samband við barnaheill@barnaheill.is eða margret@barnaheill.is

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**



# KÓPAVOGSBÆR FORGANGSRAÐAR Í ÞÁGU BARNA



**Í byrjun árs 2015 fengu leikskólastjórar í Kópavogi kynningu á Vináttu og sýndu þeir verkefninu strax mikinn áhuga. Það varð til þess að menntasvið Kópavogsbæjar ákvað, með styrk frá forvarnarstjóði bæjarins, að bjóða öllum leikskólum í sveitarfélaginu að taka verkefnið upp.**

„Vinátta vakti strax áhuga hjá Kópavogsbæ þegar það var tekið í tilraunavinnu haustið 2014. Við urðum vör við að verkefnið hafði mjög jákvæð áhrif á allt starf leikskólannna sem tóku þátt í verkefninu og það skilaði sér einnig út í samfélagið,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.

„Með öflugri vinnu við að fyrirbyggja einelti og þátttöku í Vináttuverkefninu er Kópavogsbær að sýna í verki vilja sinn til að forgangsraða í þágu barna og jákvæðra samskipta milli þeirra. Megináherslan er á að koma í veg fyrir einelti, að byggja upp góðan skólabrag, að eiga góð samskipti, hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum og einblína á styrkleika hvers og eins,“ segir Ármann og bætir við að leikskólar hafi stundum verið útundan í umræðunni um einelti. Erfið samskipt barna á leikskólastigi hafi ekki fengið nægilega athygli; „Á leikskólanum byrja hins vegar þau samskipti sem við byggjum á allt lífið. Með því að vinna að heilbrigðum samskiptum í leikskólanum getum við haft mest áhrif.“

„Við fögnum því innilega að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í þessu verkefni með Barnaheillum.

Okkur finnst Kópavogur vera að taka ákveðna forystu í baráttunni gegn einelti og við erum afar stolt af því.“

**Sigríður Guðlaugsdóttir**





# VINÁTTA ÞYRFTI AÐ VERA Í ÖLLUM LEIKSKÓLUM LANDSINS

**Linda Hrönn Þórsdóttir er leikskólastjóri á leikskólanum Kópahvoli í Kópavogi. Linda tók þátt í tilraunavinnu með Vináttu þegar hún var aðstoðarleikskólastjóri í Hafnarfirði. Hún var einnig ráðgefandi við þróun verkefnisins og hefur kennt á námskeiðum ásamt Margréti Júlíu Rafnsdóttur, verkefnisstjóra Vináttu, frá haustinu 2015.**

Vinátta kemur inn á alla grunnþætti menntunar að mati Lindu. Leikskólum sé hins vegar sífellt ætlað fleiri verk að huga að. Ný verkefni geti því verið mjög íþyngjandi; „En Vinátta býður svo auðveldlega upp á að geta samlagast öðru í skólastarfinu. Efnið er það sveigjanlegt að það er sama hvernig bakgrunnur starfsfólksins er, allir geta unnið með Vináttu og það skiptir svo miklu máli.“

Nú hefur Linda unnið með Vináttu í tvo vetur. Bæði starfsfólk og foreldrar hafa tekið efninu sérstaklega vel; „Ummælin sem foreldrarnir létu falla voru fyrst og fremst, Loksins! Þetta vantaði því þetta er verkefni sem við þurfum á að halda. Það hjálpar foreldrunum að leysa ýmis samskiptamál eftir skóla, eins og að bjóða í afmæli. Og í foreldrakönnun sem gerð var nýlega minnast margir á hvað þeim finnst frábært að hafa þetta efni í leikskólanum.“

Börnin í leikskólanum hafa einnig tekið verkefninu mjög vel og eru hæstánægð að sögn Lindu: „Í hvert einasta skipti sem þau sjá Blæ grípa þau andann á lofti.. Allir fagna Vinastundunum og vinnunni með Blæ.“

Hluti verkefnisins gengur út á tjáningu barnanna sjálfra á aðstæðum sem lýst er á samræðuspjöldum Vináttu. Sú vinna hefur gefið afar góða raun; „Börnin hafa þörf fyrir að tjá sig og segja hvernig þeim líður. Þau setja sig í spor söguhetjanna því þetta eru aðstæður sem þau þekkja. Og þótt maður taki sama spjaldið aftur seinna, kemur kannski nýr vinkill og þau sjá aðra hlið. Þetta er gjörsamlega frábær aðferð til að auka innsæi þeirra í mismunandi aðstæður félaga sinna,“ segir Linda, en bætir við að kennarinn skipti auðvitað gífurlega miklu máli og hvernig hann vinni



með verkefnið: „Því eins og með allt kennsluefni, veltur það svo mikið á kennaranum hver upplifunin er, sama hversu gott námsefni hann hefur í höndunum.“

Reynslan af notkun Vináttu er afar góð í leikskólanum, ekki síst með börn sem eiga við hegðunarvanda að stríða; „Það er oft líka léttir fyrir foreldrana að sjá að það er efni sem styður við bætta hegðun.

*Hversu miklu máli skiptir svona verkefni í baráttunni gegn einelti?*

„Vinátta skiptir gríðarlega miklu máli. Sumir halda að rætur eineltis geti ekki verið að finna í leikskóla, en hér skapast grunnurinn að samskiptum í barnahópum. Og það er einmitt í leikskóla sem þarf að grípa inn í og kenna börnum góð samskipti. Að þau séu meðvituð um hvernig þau eru í samskiptum hvert við annað og skynji hvernig hinum líði. Umburðarlyndið gagnvart margbreytileikanum er líka svo mikilvægt. Við erum öll ólík og við eigum að fagna því, ekki að sækjast eftir að allir séu eins og að eitthvað sé æskilegt og annað ekki.“

„Og ég tek sérstaklega eftir þessu hjá krökkunum með hugrekkið. Bæði að standa vörð um eigin hagsmuni og þora að verja sjálfan sig, en líka að þora að verja aðra og segja frá ef eitthvað kemur upp. Það skiptir svo gífurlega miklu máli að börn upplifi að þetta sé eðlilegur samskiptamáti og ég er fullviss um að þetta muni hjálpa til við að koma í veg fyrir einelti. Þetta er virkilega góð forvörn.“

*Nú þegar Linda hefur unnið með Vináttu í tvo vetur er ekki úr vegi að spyrja hvort hún hafi lært eitthvað af því sjálf?*

„Jú, svo sannarlega. Ég er fús að viðurkenna að ég fékk gjörsamlega nýja sýn á ábyrgð okkar fullorðnu þegar kemur að samskiptum barna þegar ég kynntist gildum og hugmyndafræði Vináttu. Þau er á ábyrgð okkar fullorðna fólksins, hvort sem við erum kennarar, foreldrar eða aðrir sem koma að börnum ber okkur að stuðla að því að skapa umhverfi fyrir börnin þar sem einelti fær ekki að viðgangast. Börnin hafa oft lítið um það umhverfi að segja sem þau eru sett í. Það er því okkar að bjóða upp á umhverfi þar sem börnin læra þau gildi sem mikilvægt er að hafa að leiðarljósi í samskiptum. Í Vináttu er heldur ekki einblínt á geranda eða þolanda og það opnast ný sýn sem mér finnst vera grundvallaratriði í þeim hugsunarhætti sem við tileinkum okkur. Ég er alveg handviss um að Vinátta muni draga mikið úr einelti, stuðla að bættum samskiptum og kenna börnunum að standa með sjálfum sér og öðrum .Vinátta þyrfti bara að vera í öllum leikskólum landsins til að áhrifin væru sem mest.“

**Sigríður Guðlaugsdóttir**



# TÓNLIST GETUR HAFT MIKIL ÁHRIF

Hluti af Vináttuverkefninu er tónlistarefni. Um er að ræða tónlistardisk og hefti, sem inniheldur nótur, texta og leiki. Tónlistarefnið, eins og annað efni Vináttu er með gildi og hugmyndafræði verkefnisins að leiðarljósi. Anders Bøgelund er höfundur tónlistar og texta. Gísli Ástgeirsson þýddi textana á íslensku og þau Ragnheiður Gröndal og Stefán Örn Gunnlaugsson sungu lögin og hljóðrituðu á disk og fluttu þau svo í opnunarteiti Vináttu að leikskólanum Kópahvoli ásamt börnum á leikskólanum..

Hvorugt þeirra hafði heyrt af Vináttuverkefninu þegar þau voru beðin um að taka verkefnið að sér. Sem foreldrar séu þau þó meðvituð um mikilvægi slíkra verkefna.

„Ég held að það sé klárlega mikilvægt að hafa jákvæðan og uppbyggilegan boðskap í tónlist fyrir börn, þau eru jú svo miklir svampar og eru að læra af öllu sem að þeim er rétt,“ segir Ragnheiður. Stefán tekur undir það; „Tónlist er svo gríðarlega stór þáttur í lífi manna. Tónlist sem geymir gott inntak og fallegan boðskap getur haft gríðarleg áhrif.“

„Það er auðvelt að læra þessa tónlist og börnin grípa þetta. Þau lifa sig inn í boðskapinn og hafa mjög gaman af þessu,“ segir Stefán og bætir við að eigin upplifun af verkefninu hafi verið mjög góð og skilaboðin komi vel í gegnum textana; „Það var líka ákaflega skemmtilegt að finna svona barnshjartað í sér og að fá að syngja efni sem snýst um jákvæðni og umburðarlyndi. Vinátta er frábært verkefni sem á erindi við öll börn,“ segir Stefán Örn.

Sem foreldrar segja bæði Ragnheiður og Stefán að þau myndu vilja sjá Vináttu í öllum leikskólum landsins. Ragnheiður telur að mannkynið í heild þurfi á meiri samhygð, skilningi og virðingu gagnvart fjölbreytileikanum að halda og því geti Vináttuverkefnið miðlað til þeirra; „Og það þarf meiri væntumþykju í garð hins mannlega. Og hvar er betra að byrja en með börnunum sem erfa jörðina?“

**Sigríður Guðlaugsdóttir**



# ÞAÐ MÁ KOMA Í VEG FYRIR MIKINN SÁRSAUKA OG SKAÐSEMI FYRIR BÖRN

**Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við félagsráðgjafardeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands hefur rannsakað skilnaðarmál og áhrif þess þegar börn eru ekki í samskiptum við annað foreldri sitt. Sigrún hefur áratuga reynslu af barna- og fjölskyldumálum. Hún er stofnandi og formaður stjórnar Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd Háskóla Íslands. Hún rekur einnig meðferðarþjónustuna Tengsl í Reykjavík þar sem hún vinnur að meðferð og ráðgjöf með einstaklingum, pörum, foreldrum og fjölskyldum.**

Sigrún segir tálmun á umgengni lengi hafa viðgengist. Ástæðuna telur hún valdaátök í samböndum og tilfinningatogstreitu. Einnig séu í sumum tilfellum um að ræða persónuleikaröskun hjá öðru foreldri eða báðum. Í þeim tilfellum sé oft ekki vilji eða geta til að komast að samkomulagi sem geri stöðuna oft sérstaklega erfiða fyrir það foreldri sem ekki fer með forsjá. Tálmun á umgengni barns við annað foreldri sé réttindabrot gagnvart barninu og börn eigi bæði siðferðilegan og lögfestan rétt á umgengni við báða foreldra sína. Skýrt er kveðið á um þetta í 46. grein barnalaga og að sú skylda hvíli á báðum foreldrum að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur. Ráðgjöf sé því mjög mikilvæg til að koma í veg fyrir slíka þróun eftir skilnað: „Það má koma í veg fyrir mikinn sársauka og skaðsemi fyrir börn ef ráðgjöf hefst snemma í skilnaðarferlinu. Við sjáum að þessum hörðu tilfellum sem telja um það bil 15% skilnaðarmála má fækka umtalsvert með ráðgjöf. Rannsókn sem ég hafði umsjón með sýndi að sáttamiðlun náði árangri í 60% tilvika þeirra erfiðu mála sem komin voru til meðferðar í dómskerfinu."

## ÁHRIF NÆRUMHVERFISINS

Þegar umgengnistálmunum er beitt, eða þegar annað foreldrið beitir leiðum til að draga úr tengslum barnsins við hitt foreldrið er um ofbeldi gagnvart barninu að ræða. Þó svo að það foreldri sem beitir ofbeldinu beri ábyrgð á því, geta fjölskylda og nánir vinir haft veruleg áhrif á stöðu mála, bæði til góðs og ills. Kerfið skortir úrræði og oft velkjast málin

*Áætlað er að í 10-15% skilnaða lendi börn á milli í deilum þar sem annað foreldrið beitir ýmsum leiðum til að daga úr tengslum barnsins við hitt foreldrið. Afleiðingarnar geta verið alvarlegar fyrir barnið og flokkast undir andlegt ofbeldi.*

*Yfirleitt er það foreldrið sem barnið býr hjá sem beitir þessum aðferðum. Alvarleiki þessara mála er mismikill, en áætlað er að í um 5% skilnaða þar sem börn koma við sögu sé harkan það mikil að rof verða á tengslum barnsins við hitt foreldrið. Oftast er það foreldrið sem barnið býr hjá sem beitir þessum aðferðum gegn barninu og hinu foreldrinu.*

*Birtingarmyndirnar geta verið allt frá því að barnið heyri stöku sinnum talað illa um hitt foreldrið, til þess að upplifa herferð sem það dregst inn í og verður til þess að samskiptin við hitt foreldrið veikjast eða falla alveg niður.*

þar svo árum skiptir. Slíkt getur skaðað samband barnsins við foreldrið sem það býr ekki hjá, oft svo mikið að það rofnar alveg. Í nýlegri rannsókn Sigrúnar og Sólveigar Sigurðardóttur Eftir skilnað, þar sem rætt er við bæði foreldra og ömmur og afa, kemur fram að þau síðarnefndu eru gjarnan mikilvægir bakhjarlar í lífi skilnaðarbarna og eiga sinn þátt í því að barnið geti rækt tengsl við frændgarðinn beggja vegna, og þau bera gjarnan klæði á vopnin ef átök eru.

„Stundum þegar átök og heift eru svo mikil sjást foreldrar ekki fyrir í hefndum og neikvæðu umtali í garð hins foreldrisins. Afleiðingar slíks álags á barnið eru bæði alvarlegar og geta verið langvarandi. Í nýlegum rannsóknum hefur komið fram að bernskuraunir meðal annars vegna skilnaðar og foreldramissis geti komið fram í líkamlegum og andlegum heilsubresti síðar á ævinni.“

> ***Samkvæmt 7. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að þekkja og eiga samvistir við báða foreldra sína og samkvæmt 19. grein sáttmálans eiga öll börn rétt á vernd gegn ofbeldi.***

Í undantekningatilfellum geti komið fram raunveruleg áhætta fyrir barnið að vera í samvistum við annað foreldri sitt og þá skipti miklu máli að koma í veg fyrir að barnið sé sett í minnstu hættu. „Þegar staðan er þannig er stundum hægt að koma við aðstoð til að börnin geti samt hitt þessa foreldra. Að það sé umgengni undir eftirliti. Í dag eru farið með börn í fangelsi til að hitta annað foreldri sitt og föngum er gefið leyfi til að hitta börn sín. Stundum þarf að tryggja að það sé undir eftirliti félagsráðgjafa. Í slíkum tilvikum sem fylgt er eftir með samtölum, getur það líka hjálpað barninu að skilja betur það sem er að hjá foreldrinu. Rannsóknir sýna að þeim börnum vegnar oft betur en börnum þar sem skorið hefur verið á tengslin.“

„Það er í raun mjög lítill hluti þar sem sannanlega er eitthvað að öðru foreldrinu. Í þeim tilfellum vaknar líka spurningin um af hverju viðkomandi valdi þá manneskju til að vera foreldri barnsins sins?“ segir Sigrún.

Réttur barnsins í tengslum við það foreldrið sem barnið býr að staðaldri ekki hjá þarf að vera mun skýrari í lögum en nú er að mati Sigrúnar. Lögin breyti ekki hegðun fólks í samskipta- og tilfinningamálum, en þau hafi afar mikilvægu hlutverki að gegna í viðhorfsmótun, siðferðislegu aðhaldi og geti haft leiðbeinandi áhrif. Einnig sé þörf á mun markvissari fræðslu og ráðgjöf. „Það þyrfti að vera aðgengi að fjölskylduráðgjöf líkt og á Norðurlöndum þar sem sérstök stoðdeild er í félagsþjónustu sveitarfélaga. Þjónusta þar sem sérfræðingar í fjölskyldusamskiptum veita fræðslu, koma til aðstoðar og hafa barnaverndarsjónarmið að leiðarljósi.“

## KVÍÐI, TORTRYGGNI OG SKERT SJÁLFSMYND

Börn sem lenda í því að missa samband við annað foreldri sitt, verða bitbein í átökum foreldra sinna eða heyra illt umtal um foreldri og fjölskyldu þess, þjást oft af kvíða og þunglyndi. Erlendar rannsóknir og klínisk reynsla hafa leitt í ljós að þau geta átt erfitt með að treysta og eru tortryggin í makavali. Hætta er á að sjálfsmynd þeirra bíði hnekki þannig að þau þrói með sér óöruggt tengslamynstur í parsambandi og geti átt í erfiðleikum í nánum samböndum á fullorðinsárum.

Í rannsókn Sigrúnar, Sólveigar Sigurðardóttur og Daggar Pálsdóttur *Raddir skilnaðarbarna – um jafna búsetu hjá foreldrum eftir skilnað 2016*, sem birtist í tímaritinu *Uppeldi og menntun 2016*, er talað við uppkomin skilnaðarbörn. Þar kemur skýrt fram að sársauki barnanna orsakast af vonbrigðum yfir því að foreldrarnir geti ekki hagað sér eins og fullorðið, þroskað fólk.

Uppeldismynstur erfast og ef ekki er gripið inn í eru líkur á að barnið endurtaki sama mynstur og það er alið upp við og beri það

## SJÁLFSTÆÐUR RÉTTUR BARNA TIL BEGGJA FORELDRA

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er gengið út frá því að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt vera foreldrum efst í huga. Jafnframt er meginreglan sú að börn skuli ekki aðskilin frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema nauðsyn beri til, svo sem ef barn sætir misnotkun eða er vanrækt.

Í formála Barnasáttmálans er því lýst að hvert barn eigi að alast upp í fjölskylduumhverfi þar sem ríkir hamingja, ást og skilningur. Sem betur fer býr meirihluti barna á Íslandi við slíkt nærandi og hvetjandi umhverfi.

Þegar foreldrar slíta samvistum, getur veröld barna og foreldra þeirra farið á hvolf og djúp sár geta myndast sem tekur tíma og vinnu að græða. Í flestum tilfellum ganga skilnaðir tiltölulega vel. Samkvæmt rannsóknum ná foreldrar í um 80% tilvika að semja um skilnaðarskilmála án sérstakrar aðstoðar. Í öðrum tilfellum ganga skilnaðir hins vegar ekki jafn vel. Þar ríkir jafnan mikil reiði á milli foreldra, særindi, ásakanir og spenna, og börnin líða þjáningar vegna þess. Þeim er jafnvel gert að taka afstöðu með öðru foreldrinu gegn hinu og þannig verða þau á milli sem eins konar vopn í valdabaráttu foreldra sinna.

Barnaheill telja að gefa þurfi stöðu og líðan barna sem verða á milli í átökum foreldra eftir skilnað, meiri gaum. Sérstaklega börnum sem missa tengsl við annað foreldri sitt vegna þessara aðstæðna. Börn bera ekki ábyrgð á vellíðan foreldra sinna og þeim má ekki beita sem vopni í baráttu þeirra um völd. Foreldrum ber skylda til að greiða úr samskiptaerfiðleikum án þess að leggja ábyrgð á börn sín í því verkefni. Börn eiga sjálfstæðan rétt á að umgangast og þekkja báða foreldra sína og báðum foreldrum ber að stuðla að því að umgengni gangi vel fyrir barnið, í undantekningartilfellum þarf þó stuðning eða eftirlit yfirvalda.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora á foreldra, stjórnvöld og samfélagið allt að gæta þess að börn séu ekki látin bera ábyrgð í deilum foreldra og að börn séu ekki útilokuð frá samvistum við annað foreldri sitt nema að öryggi þeirra sé í raun ógnað. Samtökin biðla til foreldra að hafa hagsmuni barna sinna í forgrunni við allar ákvarðanir sem þau varða.

Öll börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, vanrækslu og óæskilegum áhrifum, svo sem hatursorðræðu og ógnandi aðstæðum. Þau eiga rétt á að njóta sömu tækifæra til að lifa hamingjuríku lífi og okkur ber öllum skylda til að gæta sameiginlega að því að svo megi verða.

Barnaheill vilja ítreka að börn eru viðkvæmur hópur sem eiga rétt á sérstakri vernd og þau eiga rétt á því að vera virt sem einstaklingar með sjálfstæð réttindi.

**Þóra Jónsdóttir**

*Í rannsókn sem Sigrún vann um skilnað, sameiginlega forsjá og umgengni 2006-2008 og snerti rúmlega 600 skilnaðarforeldra í barnafjölskyldum kom fram að nær allir, eða 96% foreldra, voru mjög eða frekar hlynntir því að gripið væri til aðgerða og inngrips stjórnvalda ef annað foreldri tálmaði samvistum barns við hitt foreldrið. Meirihluti, 77% var þó andvígur því að börn væru sótt af yfirvöldum, en flestir, 85%, voru hlynntir ráðgjöf til aðstoðar. Minna en helmingur taldi dagsektir færa leið. Greinin birtist í* Tímariti lögfræðinga, 2008.

áfram til næstu kynslóðar. Barnið hlýtur einnig skaða af því að missa af því að þekkja fjölskyldu sína og að geta ekki notið þess tengslanets og stuðnings sem útilokaða fjölskyldan í kjölfar skilnaðar eða foreldramissis gæti veitt því. Þannig fer barnið á mis við tækifæri til þroska og nánari skilnings á sjálfu sér, bæði sem barni og síðar sem fullorðnum einstaklingi; „Skaðinn er mikill því það er svo mikilvægt fyrir börn að máta sig við einstaklinga innan og utan fjölskyldunnar til að þau geti náð fullum þroska. Áhrif uppeldisins eru alltaf sterk og því skiptir miklu máli að hjálpa þessum foreldrum þannig að þeir geti verið jákvæðar fyrirmyndir fyrir börnin í stað þess að festast í í óvild, biturð eða baráttuhug sem alltaf er slæmt veganesti.“

Í *Röddum skilnaðarbarna* eru frásagnir barna um hversu mikilvægt það sé að foreldrar séu samstilltir, virði þarfir þeirra og vinni saman að hagsmunum barnanna. Svör þeirra endurspegla hversu slæm áhrif neikvæð viðhorf foreldranna gagnvart hvort öðru hafa á börnin: „Það sem mér sárnaði mest var andúðin sem pabbi hafði á mömmu og mamma á pabba, það situr í manni,“ sagði eitt uppkomið barn og annað talaði um missættið sem börnin urðu vör við „Þetta var bara leiðinlegt, erfitt tilfinningalega,“ og einn piltur talaði um hvað var erfiðast við skilnað foreldranna: „Ég hafði alltaf á tilfinningunni að þau væru óvinir öll þessi ár, alltaf.“

## „BÖRN GETA ÞAÐ EKKI”

Hvaða áhrif hefur það á börn þegar þau þurfa að koma fyrir barnavernd eða sýslumann til að lýsa afstöðu sinni til annars eða beggja foreldra?

„Ég hef ákveðna skoðun á því sem byggir á viðhorfi og skyldu hinna fullorðnu til að vernda börnin. Í lengstu lög á ekki að láta börn tjá sig fyrir barnaverndarnefndum og gera þau að „hermönnum stríðandi fylkinga”. Þau geta það ekki. Ef þau gera það eru þau oft beitt miklum þrýstingi og þeim líður mjög illa með það. Talandi um andlegt ofbeldi er það mjög varasamt að setja barn í þessa stöðu. Í fræðunum er sagt að rödd barnsins eigi að heyrast og börn eigi að fá að tjá sig, en það er allt önnur hlið á málinu. Þá er um að ræða að hjálpa barninu til að tjá eigin tilfinningar og líðan, en ekki knýja það til að taka afstöðu. Þetta er tvennt ólíkt.

Í framangreindri rannsókn *Röddum skilnaðarbarna* lýsir vitnisburður barnanna sterkt þeirri vanlíðan og hollustuklemmu sem þau upplifa við að vera sett í viðtal hjá stjórnvaldi. Eitt barn lýsir þessum aðstæðum þannig: „Ég man eftir því að hafa farið til barnaverndarnefndar með foreldrum mínum og ég var spurð þar hvort ég vildi vera hjá mömmu eða pabba og ég svaraði báðum og svo pissaði ég niður, ég var ofsalega hrædd … Ég var bara á milli tveggja elda.“

„Þessar niðurstöður sýna hversu erfið staða þetta er fyrir börnin. Þau upplifa vanlíðan og streitu sem má rekja til þess að foreldrarnir hafa ekki forsendur til að vinna saman. Þess vegna er svo mikilvægt að þau sæki sér ráðgjöf eins snemma í ferlinu og hægt er til að hægt sé að koma í veg fyrir að mál fari svona langt.“

## EKKI EINS MIKIÐ TABÚ OG ÁÐUR

Mál af þessu tagi eru afar viðkvæm, en Sigrún segist finna fyrir því að þau séu ekki eins mikið tabú í samfélagslegri umræðu og áður; „Ég sé það á mínum áratugaferli í skilnaðarmálum hvað fólk nálgast þetta ólíkt í dag og telur samskipti barnanna við báða foreldra sjálfsögð. Þetta er eins og með launajafnréttið. Ef kona vinnur sömu störf og karl er hún ekki hrædd við að óska eftir sömu launum. En, þegar valdaátök eru í persónulegu sambandi og tilfinningatogstreita mikil segja sumir karlmenn að þeir gefi frekar eftir en að fara í hart, oft ekki síst barnanna vegna. Þeir hætti ekki á að fara í dómsmál af ótta við að lögfræðingarnir séu talsmenn móðurréttarins. Þeir geti tapað stórkostlega á því, það skaði börnin og þeir vilja ekki eiga á hættu að missa jafnvel enn frekar tengsl við þau.“

„Aukin vitund fólks í vestrænum samfélögum um jafnræði og réttindi hefur orðið til þess að opna umræðu um þessi mál. Ekki síst um réttindi barnanna, þarfir þeirra og réttarstöðu. Þetta tengist líka jákvæðri þróun í átt að jafnrétti kynjanna og jákvæðum áhrifum þess í foreldrahlutverkum. Löggjöf um fæðingarorlof sem nær einnig til feðra tel ég að hafi skipt mjög miklu máli til að auka vitund feðra og styrkja tilfinningatengsl þeirra við börn sín. Við skilnað eru þeir ekki tilbúnir að ganga út og skilja börnin eftir eins og tíðkaðist langt fram eftir síðustu öld. Ég man þá tíð þegar feður voru miður sín yfir að útilokast frá börnunum. Valdastaða mæðranna orsakaði umgengni sem var stundum það sem ég kallaði „skömmtuð og skilyrt“ og þeir hálfpartinn hröktust frá til að lina þann sársauka sem því fylgdi, bæði fyrir þá sjálfa og börnin. Þeir gengu ekki eftir rétti sínum þótt þeim hafi fundist staðan óréttlát og hefðu áhyggjur af börnunum. Þess vegna voru þessi mál oft mjög falin. Í tengslum við löggjöf,

*Í sömu rannsókn kom fram að lögheimili var í um 90% tilvika hjá móður. Það hefur lítið breyst en mjög margir foreldrar, einkum feður, eru ósáttir við þetta. Það að lögheimilisskráning sé ávísun á aðgengi annars foreldris til dæmis að upplýsingum og samskiptum við skóla og heilbrigðiskerfi er í andstöðu við rétt barns til fullrar þátttöku beggja foreldra í lífi þess, þroskaverkefnum og heilbrigði. Í rannsókninni kom fram að um 90% feðra en tæp 60% mæðra voru hlynnt því að þau gætu samið um að barn þeirra ætti 2 lögheimili, þ.e. hjá báðum foreldrum sínum, eftir skilnað.*

umræðu og breytt viðhorf til jafnræðis hafa konur oft verið heldur lengi að taka við sér og jafnvel átt erfitt með að sleppa rótgróinni ábyrgðar- og valdastöðu. En mér finnst þó mæður í dag hafa í vaxandi mæli áttað sig og óhætt er að fullyrða að feður eru farnir að rækta tengslin við börnin mun betur en áður og foreldrar farnir að vinna meira saman fyrir sem eftir skilnað. Þetta er tvímælalaust jákvæð þróun."

Sigrún hefur tileinkað sig málefnum barna og fjölskyldna í áratugi og málaflokkurinn er henni afar hugleikinn: „Mér finnst fólk þurfa svo mikla aðstoð til að höndla erfiðleika sem upp geta komið. Það þurfa allir aðstoð og það er ekki vanmáttur eða veikleiki að leita sér aðstoðar. Okkur er umhugað um að upplýsa fólk og veita leiðbeiningu til foreldra út frá þekkingu og rannsóknum. Það er svo sorglegt að sjá fólk berjast áfram á forsendum úr fortíðinni. Auðvitað er enginn skilnaður eins og það reynir á ólíka þætti. Þess vegna þarf að greina aðstæður vel áður en hægt er að finna hvaða leiðir eru heppilegastar - og þarfir barnsins þurfa ávallt að vera í fyrirrúmi. Þetta snýst um faglega aðstoð með heildrænni nálgun og samvinnu án einkenna- eða sjúkdómsgreiningar. Svo ekki sé talað um að ganga ekki inní valdabaráttu um „eignarhald" á börnunum."

**Sigríður Guðlaugsdóttir**

AÐSEND GREIN

# ÉG FÉKK EKKI AÐ ELSKA PABBA MINN

Ég kallaði hann stundum **BLÓÐA**. Stundum skírnarnafninu hans. En ekki pabba. Það orð var eignað öðrum manni. Ég þekkti ekki Blóða, hafði ekki umgengnist hann frá því ég var lítið barn og ég skildi ekki af hverju fólki fannst skrýtið að ég hefði ekki þörf fyrir að þekkja hann eða umgangast.

Í mínum huga stóð hann fyrir flestum þeim löstum og ókostum sem geta prýtt einn mann. Hann hafði svikið mömmu, komið illa fram og hann drakk og ég hafði engan áhuga á að þekkja þannig manneskju. Enda eignaðist ég svo annan pabba svo ég þurfti ekki á honum að halda. Ég bar eftirnafn nýja pabbans og var stolt af því að hann væri ekki jafn gallaður. Einu sinni þegar ég var unglingur var sagt við mig að ég væri lík pabba mínum. Mér fannst gott að heyra það, því það gerði fjarlægðina við Blóða meiri.

Blóði var ekki ræddur á heimilinu að frumkvæði heimilisfólksins. Ef einhver utanaðkomandi nefndi hann á nafn fylgdi því yfirleitt spennuþrungin þögn eða neikvæð ummæli. Og í þau skipti sem hann hringdi í mömmu til að fá fréttir af mér, þá hringdi hann ekki á réttum tíma. Hann sagði alltaf eitthvað vitlaust og hann var örugglega drukkinn. Ég heyrði hana lýsa þessum símtölum fyrir vinkonum sínum og ég er nokkuð viss um að hún áttaði sig ekki á að ég heyrði. En börn heyra og börn skynja. Og þarna, þegar hún hélt að ég heyrði ekki, upplifði ég svo sterkt hvað hún var reið út í hann, hörkuna gagnvart honum og hvað henni fannst hann ómögulegur. Það hafði mikil áhrif á mig.

Í þau skipti sem mamma deildi með mér sögum af þessum manni, var það litað af hennar afstöðu gagnvart honum. Hvað hann var ólánsamur og hversu illa hann hafði farið með líf sitt. Hún sagði mér líka að hann hefði kosti, og suma hefði ég erft. Og innst inni var hann líka góður maður. En það var þetta slæma sem fékk meira vægi. Miklu meira vægi. Eftir að ég varð unglingur á mótþróaskeiði og hætti ég að láta eins mikið að stjórn mömmu fékk ég oftar að heyra að ég hefði erft gallana hans. Og seinna var ég jafnvel geðveik eins og hann. Ég bara gat ekkert að því gert.

Og þannig er ég alin upp. Í mjög neikvæðu andrúmslofti gagnvart pabba mínum. Dropinn holar harðan stein og eftir því sem tíminn leið varð ég ákveðnari í að hafa ekkert með hann að gera.

En hann kom oft upp í huga mér. Ég man í eitt skipti þegar ég var úti að borða á Horninu með vinum mínum að ég sá mann á næsta borði sem hefði mögulega getað verið hann. Það truflaði mig mjög mikið og ég setti mig í varnarstellingar ef þessi gallaði maður skyldi voga sér að tala við mig.

Það tók mig svo vel á annan áratug frá því ég komst til manns að átta mig á að afneitun mín á föður mínum væri ekki vegna þess hversu gallaður hann var sagður vera. Afneitunin var vegna viðhorfsins til hans á uppeldisheimilinu.

Auðvitað voru aðrir tímar þá og fagleg aðstoð ekki jafn aðgengileg og hún er í dag. Ég trúi því að ef mamma hefði áttað sig á að hún var að brjóta á rétti mínum og á afleiðingunum sem það hefði á mig, hefði hún breytt öðruvísi. Hún er góð kona. Þá hefði hún stuðlað að umgengni okkar því hún vissi að það væri mér fyrir bestu, þó svo að hún væri sár og reið út í hann. Hún hefði fengið hjálp, sett reiðina til hliðar og vandað sig betur í samskiptum við pabba minn. Hún hefði skilið að símtölin voru merki um að hann vildi vera í sambandi og halda tengslum við mig. Hún hefði skilið að hann hefði þurft að drekka í sig kjark til að mæta reiðinni. Hún hefði boðið honum í afmælin mín eða á aðra viðburði sem viðkomu mér. Og ég hefði ekki þurft að eyða öllum þessum árum í að reyna að skilja af hverju ég tók afstöðu gegn mínum eigin föður án þess að hann hefði gert mér nokkurn skapaðan hlut.

Ég hef þurft aðstoð til að komast yfir skömmina sem ég upplifði eftir að ég áttaði mig á þeim gífulega órétti sem ég beitti hann. Að ég skyldi finna upp á þessu ömurlega nafni. Að ég skyldi ekki vilja hitta hann sem fullorðinn einstaklingur. Mann sem elskaði mig og hafði reynt að vera í tengslum, en mætti mikilli hörku og gefist upp.

Ekkert barn á að þurfa að alast upp við þessar aðstæður. Hvort sem það er af hálfu móður eða föður. Ef barn er ekki í tengslum við annað foreldri sitt, eða vill ekki vera það, þá er eitthvað að – og yfirleitt er það ekki útskúfaða foreldrið sem er vandamálið. Foreldrar sem setja börn sín í þessa hollustuklemmu vita ekki ekki hvað þeir eru að vinna þeim mikinn skaða. En skaðinn verður barninu kannski ekki ljós fyrr en miklu, miklu seinna, ef þá nokkurn tímann. Ef bara einhver (annar en pabbi minn) hefði séð hvað var í gangi hjá mér og bent á það. Ég held reyndar að allt stuðningsnet mömmu hafi verið of meðvirkt. Það tók orð hennar trúanleg í blindni, af því hún er svo dásamleg manneskja og það var auðvelt að dæma hann fyrir það sem hún sagði um hann.

Flestir foreldrar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að búa börnum sínum eins góða framtíð og mögulegt er. Mamma er engin undantekning þar á. Hún hefur gert svo ótrúlega margt gott fyrir mig og ég elska hana.

**En ég fékk aldrei að elska pabba minn.**

**Nafnlaus**

# BARNAHEILL VARA VIÐ FRJÁLSRI VERSLUN MEÐ ÁFENGI

Fyrir Alþingi liggur lagabreytingatillaga þess efnis að afnema skuli einkaleyfi ÁTVR á áfengissölu og að smásala áfengis verði frjáls, með ákveðnum takmörkunum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vara við áhrifum þess að gefa áfengisverslun frjálsa. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að aukið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar neyslu þess. Aukin áfengisneysla er líkleg til að hafa slæm áhrif á líf barna. Ekki bara barna sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af áfengisneyslu foreldra sinna eða forsjáraðila, heldur líka barna og ungmenna sem freistast vegna auðveldara aðgengis. Þeim mikla árangri sem náðst hefur með forvarnarstarfi liðinna ára og birtist í minnkandi áfengisneyslu meðal unglinga, er stefnt í hættu ef frumvarpið verður að lögum.






Börn eiga rétt á vernd og umönnun eins og velferð þeirra krefst og jafnframt rétt á að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Ísland hefur lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem meðal annars er kveðið á um þessi og önnur mannréttindi barna og gildir sáttmálinn sem íslensk lög.

Samkvæmt barnasáttmálanum skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang við ráðstafanir sem varða börn. Þetta þýðir að við allar samfélagslegar ákvarðanir sem teknar eru og varða líf barna verður að hafa sjónarmiðið um það sem barni er fyrir bestu ráðandi.

Þingmenn þurfa að spyrja sig þeirrar spurningar er þeir gera upp hug sinn til tillögunnar hvort það að gefa áfengissölu frjálsa, með takmörkunum, sé börnum samfélagsins fyrir bestu. Því fylgir að spyrja hvort rétt sé að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi þar sem allir sem vilja og hafa aldur til geta keypt sér áfengi og aðgengi er gott, þó stundum þurfi að sýna fyrirhyggju. Einnig þarf að íhuga hvort rétt sé að auka þannig aðgengi að áfengi með þessum hætti og hætta þar með á að glata þeim mikla árangri sem náðst hefur af áfengisforvörnum undangenginna ára.

Fari svo að frumvarpið verði að lögum má sjá fyrir sér að sú staða geti komið upp að börn standi í þeim sporum að þurfa að synja jafnöldrum sínum um afgreiðslu á áfengi. Sem dæmi má nefna að í matvöruverslunum er ekki óalgengt að ungmenni sem ekki hafa aldur til að kaupa áfengi séu við afgreiðslu. Það gefur auga leið að erfiðara verður að hafa virkt eftirlit með áfengissölu við þessar aðstæður.

Þó að tóbakssala fari fram í matvöruverslunum í dag þá er sú staðreynd ekki röksemd fyrir því að þá sé í lagi að selja þar áfengi, þó byggt sé á þeim rökum í frumvarpinu. Það að leyfilegt sé að selja eina skaðsama vöru í matvöruverslunum réttlætir ekki sölu annarrar skaðsamrar vöru. Að auki er í frumvarpinu rætt um að áfengi verði að einhverju leyti sýnilegt í kæliskápum inni í matvöruverslunum, en hins vegar hefur tóbak verið falið í verslunum um þó nokkurt skeið vegna verndarsjónarmiða.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vara við því að þingmenn stígi það skref að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum, því slíkt væri skref aftur á bak í vernd barna.

**Þóra Jónsdóttir**

# ÁBENDINGALÍNA




## UM ÓLÖGLEGT OG ÓVIÐEIGANDI EFNI Á NETINU

**Barnaheill – Save the Children** á Íslandi í samstarfi við SAFT, reka Ábendingalínu um ólöglegt og óviðeigandi efni á neti. Á heimasíðu Barnaheilla er tilkynningahnappur þar sem hægt er að tilkynna um vefsíður, smáforrit eða aðra miðla þar sem er að finna efni sem varðar kynferðisofbeldi gegn börnum eða annars konar ofbeldi, einelti, hatursáróður, klámefni aðgengilegt börnum og fleira.

Ábendingalína Barnaheilla býður almenningi upp á að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt efni, svo sem kynferðisofbeldi gegn börnum.

Ákaflega mikilvægt er að tilkynna um allt efni sem varðar ofbeldi gegn börnum á neti. Oft vill brenna við að við horfum í gegnum fingur okkur með efni sem stríðir gegn siðferði okkar en okkur þykir erfitt að takast á við. Það sem okkur þykir erfitt að horfa á, forðumst við gjarnan að horfa á. Það eru eðlileg viðbrögð við því sem okkur hryllir við. Það er þó gott að muna að þau börn sem beitt eru kynferðisofbeldi eða annars konar ofbeldi, eru raunveruleg börn í raunverulegum aðstæðum. Því ber okkur öllum að tilkynna strax um slíkt efni til ábendingalínu eða lögreglu svo bregðast megi við með því jafnvel að bjarga barni úr neyð.

Ábendingalína Barnaheilla er félagi í regnhlífasamtökum ábendingalína á heimsvísu, Inhope. Á vegum Inhope er rekinn gagnagrunnur og skráningarkerfi sem tengir saman ábendingalínur í 45 löndum og vinna þær saman í gegnum Inhope og í nánu samstarfi við lögreglu að því að útrýma kynferðisofbeldi gegn börnum á netinu.

Mörg dæmi eru orðin til um það að börnum hefur verið bjargað úr raunverulegri hættu og ofbeldisaðstæðum hvarvetna í heiminum, vegna samvinnu almennings með tilkynningum, ábendingalína og lögreglu með snörum og réttum viðbrögðum við ábendingum um ofbeldi. Það er því raunverulega hægt að hafa áhrif á stöðu barna, sem eru þolendur ofbeldis á neti, þó þau séu frá fjarlægum löndum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og minna á að öll börn eiga rétt á vernd gegn hvers konar ofbeldi og vanrækslu, án mismununar. Almenningur getur sannarlega lagt sitt af mörkum við að tryggja börnum þau réttindi og að gera börnum kleift að lifa með reisn og þroskast við góðar aðstæður án ofbeldis.

**Þóra Jónsdóttir**





# ERLENT STARF

**Helstu áherslur í alþjóðastarfi Barnaheilla - Save the Children** byggja á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi, heilbrigði, réttindabaráttu og neyðaraðstoð. Í 28. grein sáttmálans segir að öll börn eigi rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. grein er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

Neyðaraðstoð er ein af meginstoðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að þróunarverkefnum í yfir 120 löndum, eru þau oftar en ekki með starfsemi í nálægð við staði þar sem náttúruhamfarir eða hörmungar af einhverju tagi verða og geta því brugðist fljótt við neyð. Í hjálparstarfinu gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en þau þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

## EVERY LAST CHILD

Í apríl hleyptu alþjóðasamtökin af stokkunum nýrri alþjóðlegri herferð sem miðar að því að eyða ójöfnuði í mennta- og heilbrigðismálum svo öll börn geti notið réttinda sinna.

Í dag er mismunun stærsta ógn fátækra barna í heiminum. Þrátt fyrir mikinn árangur í réttindabaráttu barna síðustu 25 ár eru enn milljónir barna sem ekki hefur náðst til. Þau hafa gleymst af því þau búa á röngum stað, eru stúlkur, á flótta, fötluð eða í minnihlutahópum.

Í nýrri skýrslu sem gefin var út í tilefni herferðarinnar kom meðal annars fram að þótt árangur hefði náðst í að ná til fátækustu barna heims, er litið framhjá þeim hópum sem lenda í mestri mismunun, þrátt fyrir að þeir séu viðkvæmastir og framtíðarhorfur þeirra fari stöðugt versnandi.

Á næstu þremur árum verður unnið að því að ná til milljóna barna í þessari stöðu svo þau fái notið þessara grunnréttinda sinna.

# FLÓTTAMANNAVANDINN

**Þegar líki Aylan Kurdi, þriggja ára sýrlensks flóttadrengs,** skolaði á land í byrjun september 2015 vaknaði almenningur um allan heim til meðvitundar um þann gífurlega vanda sem flóttamannastraumurinn til Evrópu er. Samkvæmt tölum flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna höfðu yfir 740.000 manns farið sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið til Evrópu í október 2015. Þar af voru 53% frá Sýrlandi, 18% frá Afghanistan, 6% frá Írak og 5% frá Erítreu. Í október 2015 höfðu frá upphafi árs tæplega 600.000 Sýrlendingar hætt lífi sínu á misöruggum bátum sjóleiðina yfir Miðjarðarhafið. Þar af höfðu 450.848 manns komið til Grikklands, samanborið við 40.000 allt árið 2014. Á Ítalíu höfðu á sama tíma 9.410 börn komið ein, án foreldra eða fjölskyldu.

Þeir sem komast þessa hættuför lífs af eru þó ekki komnir í öruggt skjól því í mörgum Evrópulandanna sem fólk fer um, er enginn viðbúnaður eða stjórnun í óformlegum búðum sem fólk hefst við í. Aðstæður eru stundum skelfilegar og á mörgum stöðum ófullnægjandi. Jafnvel á opinberum móttökustöðvum og flóttamannabúðum skortir stjórnun og getu til að útvega aðgang að grunnaðstöðu.



Flóttamannabúðir hafa sprottið upp víða á meginlandi Evrópu og sums staðar hefur landamærum verið lokað. Börnin sem starfsfólk Barnaheilla – Save the Children hitta eru misvel á sig komin. Yfir sumarmánuðina eru þau sólbrennd og með blöðrur. Mörg hafa misst táneglur eftir að hafa gengið óhemju langar vegalengdir. Þegar vetrar er þeim kalt og þá er hætta á kali, lungnabólgu og öðrum sjúkdómum.

Alþjóðasamtök Barnaheilla skoruðu á alþjóðasamfélagið að sýna hugrekki og sameinast um nýtt samkomulag sem leysir vanda sýrlenskra flóttamanna væri því á annað borð alvara með að ná tökum á stærstu mannúðarkrísu frá seinni heimsstyrjöld.

Börn á flótta, sérstaklega fylgdarlaus börn, eiga á hættu misnotkun, ofbeldi og mansal þar sem þau ferðast frá heimalöndum sínum til VesturEvrópulanda. Samkvæmt tölum Europol frá ársbyrjun 2016 er óttast um 10.000 flóttabörn sem ekki er vitað hvar eru. Börnin þjást af áfallastreituröskun, vannæringu og ofþornun. Þau skortir aðgang að barnvænum og öruggum svæðum og aðstoð og upplýsingar við ferlið á flóttanum. Börnin þurfa nauðsynlega sálfræðilegan stuðning, vernd, örugg svæði, skjól, mat, föt og vatn.

Barnaheill – Save the Children vinna í flestum löndum sem flótta-



# RAUNVERULEIKI FLÓTTABARNA

**Alþjóðasamtök Barnaheilla** hafa gefið út tvö áhrifamikil myndbönd til að vekja almennings til umhugsunar um raunveruleika flóttabarna. Myndskeiðin eru byggð á raunverulegum frásögnum flóttabarna. Hið fyrra *The most shocking second a day* var eitt mest áhorfða myndskeið á netinu síðustu tvö árin og sýndi breytingar á lífi ungrar stúlku sem lifði venjulegu lífi en varð flóttamaður. Hið síðara *Still the most schocking second a day* var gefið út í maí 2016 og sýnir ömurlegan raunveruleika sömu stúlku og annarra flóttabarna sem lenda í ofbeldi á flóttanum, missa fjölskyldur sínar, upplifa mikinn ótta og skelfilegar aðstæður.



mennirnir fara um eins og í Tyrklandi, Serbíu, Grikklandi og Ítalíu, en einnig innan Sýrlands. Aðaláherslan er á að tryggja börnum vernd. Á stöðum eins og á Norðurlöndum og í Þýskalandi er unnið að því að tryggja að flóttabörn skilji réttindi sín og fái aðgang að umönnun og stuðningi. Samtökin leggja áherslu á – og eru virk í – að samræma viðbrögð og aðstoð með stjórnvöldum á hverjum stað, með stofnunum Sameinuðu þjóðanna og öðrum hjálparsamtökum til að bregðast við ástandinu.



*Meira en 10.000 flóttamenn eru strandaglópar á Idomeni, við landamæri Grikklands og Makedóníu. Flóttamennirnir búa í tjöldum við járnbrautarteinana og vonast eftir því að landamærin verði opnuð fljótlega. Starfsfólk Barnaheilla – Save the Children á staðnum bjóða börnum sem eru ein á ferð vernd og mat og fjölskyldum stuðning. Einnig eru rekin örugg leiksvæði fyrir börn þar sem þau geta lært og jafnað sig á þeim aðstæðum sem þau hafa upplifað. Myndir: Pedro Armestre/Save the Children.*




*Talsmenn barna við undirritun samningsins í Laugalækjarskóla á 25 ára afmæli Barnasáttmálans 20. nóvember 2014. Frá vinstri Karl Garðarsson (B), Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (V), Elín Hirst (D), Páll Valur Björnsson (A), Valgerður Bjarnadóttir (S) og Birgitta Jónsdóttir (Þ) en Halldóra Mogensen tók við hlutverki hennar á síðasta ári.*

# TALSMENN BARNA Á ALÞINGI

**Á 25 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 2014 skrifuðu sex þingmenn úr öllum flokkum undir yfirlýsingu um að gerast sérstakir „Talsmenn barna á Alþingi." Hópurinn sat námskeið á vegum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, UNICEF og umboðsmanns barna um Barnasáttmálann og notkun hans sem hagnýts verkfæris við ákvarðanatöku og stefnumótun.**

**Eitt af því sem hópurinn hefur staðið fyrir sem heild til að bæta mannréttindi barna er að leggja fram þingsályktunartillögu um að Alþingi ályktaði að fela innanríkisráðherra í samráði við mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að dagurinn sem barnasáttmálinn var samþykktur, 20. nóvember, verði ár hvert helgaður fræðslu um mannréttindi barna í skólum landsins. Sú tillaga var samþykkt á Alþingi 15. mars síðastliðinn.**

**Við báðum þingmennina um að deila með okkur reynslu sinni og upplifun af hlutverki talsmanns barna og hvernig þau líti á mannréttindi barna eftir að þau tóku við hlutverkinu.**

## Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir (V)



Ég hef klárlega verið mun meira vakandi fyrir áhrifum þeirrar lagasetningar og annarra mála sem við erum að fjalla um á börn og ungmenni eftir að ég tók við þessu hlutverki.

Ég hef margoft vakið athygli á því úrræðaleysi sem ríkir í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna bæði á þingi og utan þess. Ég tel að sú þjónusta sé fyrir svo marga forsenda þess að þeim farnist vel til framtíðar. Ég beitti mér meðal annars gegn þeirri hugmynd að sameina ýmsar ólíkar stofnanir er koma að málum barna og fullorðinna þar sem mjög margir sem koma að málefnum barna töldu að það gæti haft víðtæk áhrif á þjónustu við börn með þroskaraskanir og að það væri skref í ranga átt.

Mjög víða er skortur á þjónustu og líka að börn og ungmenni fái að láta raddir sínar heyrast í málefnum er þau varða. Við sem störfum á Alþingi þyrftum til dæmis að vera mun duglegri að kalla ungmennaráð til fundar við okkur í þeim málum sem beinlínis snerta þann hóp beint.

Sem hluti af talsmönnum barna hef ég vakið athygli á og komið á breytingum er varða að gera mannréttindi sem hluta af markmiðum grunnskólanámskrár. Þar sem við stöndum okkur vel, tel ég almennt að skólakerfið sé gott og styðji við nemendur sína eins og þeim frekast er unnt. Svo er haldin er Barnamenningarhátíð þar sem vakin er athygli á börnum og ungmennum með afar jákvæðum hætti.

## Elín Hirst (D)



Ég hef lengi haft áhuga á réttindamálum barna en þátttakan í starfinu á Alþingi hefur bara aukið á þann áhuga og skilning minn á því hve mikilvægt er að börn þekki réttindi sín og geti leitað réttar síns ef á þeim er brotið. Ég hef líka fengið að láta málið til mín taka á vettvangi Norðurlandaráðs þar sem málefni og réttindi barna og yngstu borgaranna eru mikið til umræðu.

Ég tel að bókin „Ekki líta undan" sem var saga Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur biskupsdóttur sem ég ritaði þar sem hún sagði frá kynferðisofbeldi föður síns í sinn garð sem barns sé það lang mikilvægasta sem ég hef gert á þessum vettvangi en hún var þörf áminning til okkar allra um að hætturnar geta leynst allsstaðar þegar kynferðisafbrot gegn börnum eru annars vegar. Svo var ég ákaflega hreykin af því þegar þingsályktunartillaga okkar talsmannanna um að á afmæli Barnasáttmálans ár hvert ættu íslensk ungmenni að fræðast um réttindi sín í skólum og öðrum stofnunum landsins sem þjóna þeim.

Í Norðurlandaráðinu segjum við að Norðurlöndin séu besti staður í heimi fyrir börn að alast upp á og því ætlum við að halda. Það þýðir hins vegar ekkert að gleyma sér í gleðinni yfir því hve hér er gott að búa því það eru alltaf börn og ungmenni sem búa við aðstæður sem geta auðveldlega valdið þeim tjóni ævilangt; svo sem ofbeldi, vanrækslu og skort á tækifærum. Hlustum á raddir barnanna, það er besta leiðin til að komast að því hvernig þeim líður og hvað þarf að gera til að koma þeim til hjálpar.

Við Íslendingar stöndum okkur sérstaklega vel í þessum málum og erum ásamt Finnum og Norðmönnum þær Norðurlandaþjóðir sem höfum lögfest barnasáttamálann. Svíar og Danir hafa til dæmis ekki ennþá gert þetta, eftir því sem ég kemst næst, og ég veit að það er

mikið ákall þar um. Í því samhengi getum við verið stolt, en á meðan að það er eitt barn sem ekki nýtur þeirra mannréttinda sem því ber, þá er það einu barni of mikið.

## Halldóra Mogensen (Þ)

**(Halldóra tók við hlutverki Talsmanns barna á síðsta ári af Birgittu Jónsdóttur pírata.)**



Mannréttindi barna eru mér hugleikin og mannréttindi yfir höfuð skipta mig miklu máli. Ég hef hugsað sérstaklega um þessi réttindi út frá sjónarhorni barna eftir að ég byrjaði að vinna með talsmönnum barna og fór að fræðast meira um stöðu barna á Íslandi.

Ég hef beitt mér mest og best fyrir mannréttindum barna sem og almennum mannréttindum í baráttu minni fyrir borgaralaunum eða skilyrðislausri grunnframfærslu. Við sem nútíma, tækniþróað samfélag, með gnægt auðlinda eigum ekki að þurfa að mismuna börnum eftir fjárhagsstöðu foreldra. En það er einmitt staðan sem við horfum upp á í dag. Óskasamfélag Íslendinga hlýtur að fela í sér jöfn tækifæri fyrir alla.

## Karl Garðarsson (B)



Réttindamál barna hafa óteljandi snertifleti í þeim málum sem lögð eru fram á Alþingi. Það að vera talsmaður barna hefur vakið mig til umhugsunar um þá fjölmörgu hópa sem þurfa talsmenn - fólk sem er tilbúið til að berjast fyrir réttindum sem ættu að vera sjálfsögð, en vilja verða útundan við afgreiðslu mála.

Eitt mikilvægasta hlutverk okkar er að sjá til þess að börn fái að vaxa og dafna sem þjóðfélagsþegnar. Eitt af mínum fyrstu verkum á þingi var að leggja fram þingsályktun um að skimað yrði fyrir þunglyndi og kvíða hjá öllum grunnskólabörnum. Það mál vakti mikla athygli og umræðu og að lokum tók heilbrigðisráðherra það inn í heilbrigðisáætlun sína. Þá hef ég verið með á málum sem talsmenn barna hafa lagt fram sameiginlega á þingi.

Almennt held ég að við stöndum þokkalega á alþjóðamælikvarða. Hins vegar þurfum við að huga að nokkrum þáttum, til dæmis rétti barna til að vera með báðum foreldrum sínum. Oft virðast aðrir hagsmunir en barnanna hafðir að leiðarljósi í þeim málum þrátt fyrir að lagabókstafurinn krefjist þess að hagmunir barna skuli ætíð vera í fyrirrúmi.

Ég held að við stöndum okkur hvað best þegar kemur að menntun og heilbrigði barna. Þessir þættir eru góðir hjá okkur á alþjóðavísu. Þá höfum við styrkt umgjörðina um réttindi barna, bæði með barnaverndarlögum, auk eftirfylgni, til dæmis með embætti umboðsmanns barna.

## Páll Valur Björnsson (A)

Ég held ég geti sagt það af fyllstu einlægni að ég hef verið meira vakandi fyrir mannréttindum barna eftir að ég tók við hlutverki mínu sem talsmaður þeirra á Alþingi. Ég hef kynnt mér töluvert málefni barna, stöðu þeirra og hagi, sótt ráðstefnur og viðburði tengdum málefnum barna.



Ég hef vakið máls á stöðu barna og málefni þeim tengdum í blöð og á vefmiðla. Nánast allar mínar ræður fjalla á einn eða annan hátt um málefni barna og ég huga vel að því hvort þetta frumvarpið eða tillagan komi sér vel fyrir hagsmuni þeirra. Ég lagði fram frumvarp um að bæta orðinu mannréttindi í grunnskólalögin enda tel ég að þekking og skilningur á mannréttindum auki mjög líkur á að ungt fólk geti orðið virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi sem er grundvallað mannréttindum og meginreglum réttarríkis. Mjög mikilvægur liður í því er að skýra fyrir börnum innihald, tilgang og markmið mannréttindaákvæða íslensku stjórnarskrárinnar og alþjóðlegra mannréttindasamninga, ekki síst Barnasáttmálans. Ég bind miklar vonir við að þetta frumvarp verði samþykkt nú á vorþinginu.

Það er hægt að nefna margt sem betur má fara varðandi mannréttindi barna. Tölur um fátækt og mismunun eru sláandi og hér á landi eru alltof mörg börn sem líða verulegan skort. Það er algerlega óásættanlegt að í okkar velmegunarsamfélagi búi börn sem fara ekki aðeins á mis við tækifæri sem félagar þeirra fá og finnst sjálfsögð, svo sem til að stunda félagslíf, íþróttir, tónlistarnám, ferðast, þroskast og njóta lífsins, heldur börn sem vegna fátæktar fá ekki viðunandi næringu, búa í vondu og óöruggu húsnæði og klæðast lélegum fötum. Einnig þurfum við að tryggja börnum með fötlun eða aðra skerðingu réttindi sín. Þannig stuðlum við að samfélagi sem virðir margbreytileikann og gefur öllum tækifæri á sínum forsendum og í samræmi við getu hvers og eins.

Þetta eru klár mannréttindabrot eins og þeir gríðarlöngu biðlistar sem börn með ýmsar raskanir þurfa að búa við. Þetta er okkur Íslendingum til háborinnar skammar. Okkar er ábyrgðin og skyldan gagnvart þessum börnum. Bernska þeirra er hér og nú og ef við neitum þeim um að fá að njóta hennar vegna fátæktar og fárra tækifæra getum við ekki bætt fyrir það síðar.

Við stöndum okkur vel þegar kemur að skóla án aðgreiningar, sem er afskaplega góð hugmyndafræði og stefna þó enn vanti mikið upp á að stjórnvöld hafi búið þannig að honum að hann hafi skilað þeim árangri sem að er stefnt. Síðan get ég ekki látið hjá líða að nefna öll þau frjálsu félagasamtök sem láta sig málefni barna varða hér á landi. Öll vinna þau ómetanlegt starf við að vekja athygli á og verja hagsmuni barna og halda ríkjandi stjórnvöldum á tánum og veitir ekki af.

## Valgerður Bjarnadóttir (S)



Ég þykist hafa verið vakandi fyrir réttindum barna frá því að ég settist á þing árið 2009. Mér hefði þótt það slæmt ef þátttaka í þessu verkefni hefði þurft að vekja mig sérstaklega í þessum efnum.

Ég reyni að berjast fyrir mannréttindum almennt og réttindi barna eru hluti af því.

Við þurfum að huga sérstaklega að börnum á flótta, bæði þeim sem eru á flótta með foreldrum sínum og ekki síst þeim sem eru ein síns liðs. – Einnig veldur það mér áhyggjum þegar börnum er meinað að umgangast báða foreldra sína.

Ég held að við gerum vel á mörgum sviðum varðandi mannréttindi barna, en brotalamirnar eru líka margar. Áskorunin felst í því að vera vakandi á verðinum.

**Sigríður Guðlaugsdóttir**

# ICELANDAIR GROUP
## ENDURNÝJAR SAMNING

Barnaheill – Save the Children á Íslandi og Icelandair Group hafa endurnýjað samstarfssamning þess efnis að Icelandair Group verði sérstakur bakhjarl Barnaheilla. Fyrirtækið hefur styrkt samtökin frá árinu 2008. Samningurinn var undirritaður af Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair Group og Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla. „Stuðningur Icelandair Group er okkur afar mikilvægur,“ sagði Erna við undirritun samningsins; „Hann gerir okkur kleift að taka þátt í alþjóðastarfi samtakanna sem er mikilvægur hluti af starfsemi Barnaheilla.“








# SYNGJUM SAMAN – STÖNDUM SAMAN

Helgina 23.-24. apríl héldu fimm barnakórar tvenna styrktartónleika fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi undir nafninu Syngjum saman – stöndum saman! Þetta er í annað sinn sem tónleikarnir eru haldnir til styrktar samtökunum.

Á tónleikunum komu fram Barnakór Neskirkju, kór Lindaskóla, kór Vogaskóla, kór Ingunnarskóla og kór Hamraskóla. Stjórnandi kóranna er Jóhanna Halldórsdóttir og hafði hún veg og vanda að undirbúningi tónleikanna. Alda Dís Arnardóttir söng einsöng á báðum tónleikunum.

Nokkur börn úr kórunum komu færandi hendi á skrifstofu Barnaheilla með styrkinn. Samtökin þakka börnunum, aðstandendum þeirra og kórstjóra stuðninginn.



SECURITAS

vodafone

Marz SEAFOOD

# ÓSKIR ÍSLENSKRA BARNA



*Við opnun sýningarinnar í Gerðubergi, Páll Valur Björnsson, Matthildur Eggertsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Erna Reynisdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir.*



*Frá vinstri Linda Pétursdóttir ásamt dóttur sinni Ísabellu sem var ein fyrirsæta ljósmyndarans Ástu Kristjánsdóttur.*

Ljósmyndasýningin Óskir íslenskra barna er gjöf ljósmyndarans Ástu Kristjánsdóttur og Barnaheilla – Save the Children á Íslandi til barna á Íslandi í tilefni 25 ára afmælis Barnasáttmálans árið 2014. Sýningin samanstendur af ljósmyndum byggðum á raunverulegum reynslusögum barna sem upplifað hafa ofbeldi, vanrækslu eða fátækt. Myndirnar birta ímyndaðar óskir barnanna um betra líf.

Sýningin var frumsýnd í Smáralind í desember 2014 en í september 2015 var hún sett upp í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og stóð þar fram í janúar 2016. Á árinu 2016 ferðast sýningin um landið og hefur hingað til komið við á bókasafni Árborgar, Sögusetrinu á Hvolsvelli og í byrjun júní lauk sýningunni í Reykjanesbæ. Sýningin mun ferðast norður til Húsavíkur og Akureyrar haust og vetur 2016.

Með sýningunni er vakin athygli á rétti barna til verndar gegn ofbeldi, vanrækslu og rétti þeirra til að búa við góð uppeldisskilyrði, eins og þau réttindi birtast í Barnasáttmálanum og öðrum íslenskum lögum. Kennsluleiðbeiningar eru í boði fyrir kennara sem vilja heimsækja sýninguna með nemendahópum sínum. Sýningin hefur verið mjög vel sótt og vakið töluverða athygli.

**Þóra Jónsdóttir**





*Þeir Karl og Grétar voru saman í sveit á bænum Valdarási frá fimm ára aldri fram á unglingsár og unnu ýmis sveitastörf. Draumurinn kviknaði þegar þeir þeir byrjuðu að vinna á traktornum, sem var annar fararskjótinn þeirra í ferðinni.*

# VINIR FERGUSON GEGN EINELTI

Síðastliðið sumar lögðu tveir vinir upp í ferð á Massey Ferguson 35X traktorum árgerð '63 hringinn í kringum landið. Á leiðinni söfnuðu þeir fyrir Vináttu, forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Þetta voru þeir Karl G. Friðriksson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar, og Grétar Gústavsson, meistari í bifvélavirkjun og áhugamaður um búvélar og fornbíla.

Ferðin vakti mikla athygli í fjölmiðlum og var athyglisverð fyrir margar sakir. Félagarnir létu 50 ára gamlan draum rætast og annar traktorinn í ferðinni var sá sem þeir unnu á fyrir hálfri öld, en ferðin var ekki síst áhugaverð vegna tengingarinnar við einelti. Vegna hennar gáfu fjölmargir sig á tal við þá félaga og deildu með þeim persónulegum sögum af einelti. Grétar varð gjarnan fyrir svörum, en hann varð sjálfur fyrir einelti sem barn og unglingur – einelti sem hann hafði nánast aldrei talað um. Ferðin varð að þroskaferli fyrir hann, því hann fór að tala um reynslu sína, hvernig hann hafði borið ábyrgð á eineltinu og skammast sín fyrir það. Við lok ferðar var hann breyttur maður.

Karl ritaði ferðasögu þeirra félaga og Ómar Ragnarsson ritaði formála bókarinnar sem kom út fyrir jólin. Bókin er ríkulega myndskreytt og inniheldur skemmtilegar lýsingar á mönnum og málefnum, lýsir fallega landinu okkar, fjallar um mikilvægi þess að láta drauma sína rætast og síðast en ekki síst er hún vitnisburður um mikilvægi vináttunnar.

Ágóði af sölu bókarinnar rann óskiptur til Vináttuverkefnis Barnaheilla.



*Frá útgáfuteiti bókarinnar í Pennanum Eymundsson á Skólavörðustíg í desember 2015, Grétar, Ómar og Karl.*

## SÉRSTAKAR ÞAKKIR

*Stjórn og starfsfólk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi þakka öllum þeim sem lagt hafa samtökunum lið á liðnu ári.*

*Með stuðningnum er samtökunum gert kleift að vinna mikilvægt starf í þágu barna.*

# HELLE THORNING-SCHMIDT RÁÐIN FRAMKVÆMDASTJÓRI SAVE THE CHILDREN



Fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, Helle Thorning-Schmidt, tók við stöðu framkvæmdastjóra alþjóðaskrifstofu Barnaheilla – Save the Children í byrjun árs. Helle tók við af Jasmine Whitbread sem gengdi stöðunni í sex ár og var ábyrg fyrir verkefnum sem náðu til rúmlega 55 milljóna barna í 120 löndum.

„Ég er djúpt snortin yfir þeim heiðri sem mér er sýndur með að fá að leiða Save the Children. Á síðustu áratugum hefur náðst góður árangur í að draga úr ungbarnadauða og þar hefur starf samtaka á borð við Save the Children skipt gífurlega miklu máli. En eins og við sjáum á hverjum degi, er enn langt í land með að bjarga öllum börnum frá þjáningu og hættulegum aðstæðum og að geta boðið þeim mannsæmandi framtíð,“ sagði Helle við ráðninguna.

„Við fögnum ráðningu Helle Thorning-Schmidt sem hefur sýnt góða forystuhæfileika í alþjóðasamvinnu og sýnt ástríðu fyrir bættum hag barna í heiminum. Barnaheill - Save the Children vinna um allan heim að því að bæta framtíð barna sem búa við erfiðustu aðstæðurnar og reynsla hennar og geta er afar mikilvæg í að vinna áfram að þeim verkefnum,“ segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Helle yfirgaf við ráðninguna pólitíska sviðið í Danmörku, en eiginmaður hennar Stephen Kinnock situr á breska þinginu fyrir verkamannaflokkinn. Helle vinnur frá höfuðstöðvum samtakanna í London.







## Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

### REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
A1 málun ehf, Ólafsgeisla 7
AB varahlutir ehf, Funahöfða 9
Aðalblikk ehf, Bíldshöfða 18
Aðalmálun ehf, Berjarima 36
Aðalverkstæðið ehf, Malarhöfða 2
Aðalvík ehf, Ármúla 15
Arkís arkitektar ehf, Kleppsvegi 152
Auglýsingastofan ENNEMM, Skeifunni 10
ÁH lögmenn slf, Vættaborgum 144
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
Ásbjörn Ólafsson ehf, Köllunarklettsvegi 6
B. Ingvarsson ehf, Bíldshöfða 18
Barnalæknaþjónustan ehf, Domus Medica, Egilsgötu 3
Bati - sjúkraþjálfun ehf, Kringlunni 7
Bergsson RE, Grandagarði 16
Bifreiðaverkstæði Svans ehf, Eirhöfða 11
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
BK fasteignir ehf, Baldursgötu 18
Blikksmiðjan Glófaxi hf, Ármúla 42
Blossi ehf, Dvergshöfða 27
Bókhaldsstofa Haraldar slf, Síðumúla 29
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf, Hávallagötu 40
Bókhaldsþjónustan Vík, Síðumúla 12
Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
Brúskur, hársnyrtistofa s: 587 7900, Höfðabakka 9
BSRB, Grettisgötu 89
Capital Inn, Suðurhlíð 35d
Carpe Diem Tours ehf, Njálsgötu 19
CATO Lögmenn, Katrínartúni 2
Danica sjávarafurðir ehf, Suðurgötu 10
Dansrækt JSB ehf, Lágmúla 9
Drífa efnalaug og þvottahús, Hringbraut 119
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eignamiðlunin ehf, Grensásvegi 11
Eignaumsjón hf, Suðurlandsbraut 30
Ernst & Young ehf, Borgartúni 30
Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
Fasteignasalan Fasteign.is ehf, Suðurlandsbraut 18
Fasteignasalan Húsið, Grensásvegi 50
Fastus ehf, Síðumúla 16
Felgur smiðja ehf, Axarhöfða 16
Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6
Ferðaskrifstofan VITA, Skógarhlíð 12
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22
Félag skipstjórnarmanna, Grensásvegi 13
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Fjöleignir ehf, Tryggvagötu 11
Forum lögmenn ehf, Aðalstræti 6
Fuglar ehf, Katrínartúni 2
Gallerý Fiskur, Nethyl 2
Garðs Apótek ehf, Sogavegi 108
Gastec ehf, Bíldshöfða 14
GÁ húsgögn ehf, Ármúla 19
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta, Lágmúla 5
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun, Bíldshöfða 16
Gistihúsið Víkingur ehf, Þverholti 20
Glerpró ehf, Hyrjarhöfða 2
Gnýr sf, Stallaseli 3
Greitt, Borgartúni 25
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn, Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Gullöldin ehf, Hverafold 5
Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgötu 1
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn, Bíldshöfða 18
Hamraskóli, Dyrhömrum 9
Helgason og Co ehf, Gylfaflöt 24-30
Henson sports, Brautarholti 24
Heyrnar og talmeinastöð Íslands
HGK ehf, Laugavegi 13
Hjá Dóra ehf, matsala, Þönglabakka 1
Hjá GuðjónÓ ehf, Þverholti 13
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan, Ármúla 7b
Hókus Pókus ehf, Laugavegi 69
Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
Hótel Lotus, Álftamýri 7
Hreinsitækni ehf, Stórhöfða 37
Hreyfimyndasmiðjan ehf, Garðsenda 21
Húsafl sf, Nethyl 2
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Höfði fasteignasala, Suðurlandsbraut 52
Iceland Guided Tours, Suðurlandsbraut 32
Indiska verslun, Kringlunni 4-12
Intellecta ehf, Síðumúla 5
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Íslenskir aðalverktakar hf, Höfðabakka 9
Ísold ehf, Nethyl 3
Íþróttabandalag Reykjavíkur, Engjavegi 6
Jónar Transport hf, Kjalarvogi 7
K·R·S·T Lögmenn, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 11
Kaffifélagið, Skólavörðustíg 10
Kemi ehf-www.kemi.is, Tunguhálsi 10
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
KOM almannatengsl, Katrínartúni 2
Kortaþjónustan hf, Kletthálsi 1
Kringlukráin, Kringlunni 4-6
Krumma ehf, Gylfaflöt 7
Landsnet hf - landsnet.is, Gylfaflöt 9
Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
Landssamtök lífeyrissjóða, Guðrúnartúni 1
Le Bistro - franskur bistro & vínbar, Laugavegi 12
Lifandi vísindi, Klapparstíg 25
Listvinahúsið, leirkerasmíði, Skólavörðustíg 43
Litla jólabúðin, Laugavegi 8
Ljúfmetisverslunin Búrið, Grandagarði 35
Lyfis ehf, Grensásvegi 22
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl, Sigtúni 42
Lögmenn Höfðabakka ehf, Höfðabakka 9
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Hverfisgötu 115
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Magnús og Steingrímur ehf, Bíldshöfða 12
Markó partners ehf, Katrínartúni 2
MD vélar ehf, www.mdvelar.is, Vagnhöfða 12
Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sölvhólsgötu 4
Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10
Míla ehf, Suðurlandsbraut 30
MS Armann skipamiðlun ehf, Tryggvagötu 17
Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Borgartúni 35
Myconceptstore, Laugavegi 45
Nasdaq Iceland, Laugavegi 182
Nauthóll bistro, Nauthólsvegi 106
Nínukot ehf - Vinna um víða veröld, Síðumúla 13
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir, Vínlandsleið 16
Opin kerfi ehf, Höfðabakka 9
Orka ehf, Stórhöfða 37
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Overcast Software ehf, Ármúla 7
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
PG Þjónustan ehf, Viðarhöfða 1
Poulsen ehf, Skeifunni 2
Prentsmiðjan Leturprent ehf, Dugguvogi 12
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafver hf, Skeifunni 3e
Reki ehf, Höfðabakka 9
Reykjavik Residence Hotel, Laugavegi 182
Réttur - ráðgjöf & málflutningur, Klapparstíg 25-27
S.B.S. innréttingar, Hyrjarhöfða 3
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF, Nethyl 2e
Semoco ehf, bílaverkstæði Suzukiþjónustan, Skeifunni 17
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu, Grettisgötu 89
SÍBS, Síðumúla 6
Sínus ehf, Grandagarði 1a
Sjávargrillið ehf, Skólavörðustíg 14
SM kvótaþing ehf, Tryggvagötu 11
Smith og Norland, Nóatúni 4
Smíðaþjónustan ehf, Hyrjarhöfða 6
SOS tölvuhjálp, s: 864 0931
Sólon Bistro, Bankastræti 7a
Spöng ehf, Bæjarflöt 15
Stansverk ehf, Hamarshöfða 7
Stál og stansar ehf, Vagnhöfða 7
Stál-Tech ehf, Tunguhálsi 10
Stjörnuegg hf, Vallá Kjalarnesi
Stólpi gámar ehf, gámaleiga- og sala, Klettagörðum 5
Sushisamba ehf, Þingholtsstræti 5
Sægreifinn, Verbúð 8, Geirsgötu 8
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf, Skólavörðustíg 14
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsinn ehf, Hraunbergi 4
Tannþing ehf, Þingholtsstræti 11
Tapas Barinn, Vesturgötu 3b
Tark - Arkitektar, Brautarholti 6
THG Arkitektar ehf, Faxafeni 9
Timberland
Tóbaksverslunin Björk, Bankastræti 6
Tónmenntaskóli Reykjavíkur, Lindargötu 51
Trackwell hf, Laugavegi 178
Tölvar ehf, Síðumúla 1
Ullarkistan ehf, Laugavegi 25
Umslag ehf, Lágmúla 5
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Þverholti 30
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
VA arkitektar ehf, Borgartúni 6
Veitingahúsið Fiskfélagið, Vesturgötu 2a
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Verslunin Rangá, Skipasundi 56
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
Vilhjálmsson sf, heildverslun, Sundaborg 1
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Wise lausnir ehf, Borgartúni 26

### SELTJARNARNES

Lög og réttur ehf, Austurströnd 3
Nesskip hf, Austurströnd 1

### VOGAR

Loftræstihreinsun ehf, Vogagerði 19

### KÓPAVOGUR

Allianz á Íslandi hf, Digranesvegi 1
AMG Aukaraf ehf, Dalbrekku 16
BB44 Gisting ehf, Borgarholtsbraut 44
bilalokkun.is, Smiðjuvegi 68
Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42
Brammer Ísland ehf, Hlíðasmára 12
Cargo sendibílaleiga ehf, Skemmuvegi 32
Delíla og Samson sf, Grænatúni 1
Dressmann á Íslandi ehf, Hagasmára 1, Smáralind
Dýrheimar heildsala, Ögurhvarfi 8
Elfa Guðmundsdóttur tannlæknir, s: 564 6250, Hlíðasmára 14
Flugfreyjufélag Íslands, Hlíðasmára 15
Harðbakur ehf, Ísalind 2
Hegas ehf, Smiðjuvegi 1
Hjörtur Eiríksson sf, Daltúni 1
Hvellur-G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
Ingi hópferðir ehf, Laufbrekku 16

## Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

Ingimundur Einarsson ehf málari, Trönuhjalla 1
Innviðir ehf, Smiðjuvegi 36
Inter Medica ehf, Skemmuvegi 6
JS-hús ehf, Skemmuvegi 34a
KK veitingar Kínahofið, Nýbýlavegi 20
Klukkan, úr og skartgripir, Hamraborg 10
Kraftvélar ehf, Dalvegi 6-8
Libra ehf, Bæjarlind 2
Línan ehf, Bæjarlind 14-16
MHG verslun ehf, Akralind 4
Nobex ehf, Hlíðasmára 6
Nýja kökuhúsið ehf, Auðbrekku 2
Ólafssynir ehf, Fagrahjalla 84
Pottagaldrar ehf, Laufbrekku 18
Rafbraut, Dalvegi 16b
Rafbreidd ehf, heimilistækjaviðgerðir, Akralind 6
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
Rakarastofan Herramenn, Neðstutröð 8
Ræstingaþjónustan sf., Smiðjuvegi 62
Skilaborg ehf bókhaldsþjónusta, Hlíðasmára 19
Slökkvitækjaþjónustan ehf, Bakkabraut 16
Sports Direct, Skógarlind 2
Tambi ehf, Ásbraut 9
Ungmennafélagið Breiðablik, Dalsmára 5
Útfararstofa Íslands ehf, Auðbrekku 1
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf, Hamraborg 11
Verifone á Íslandi ehf, Hlíðasmára 12
Vídd ehf, flísaverslun, Bæjarlind 4
Ýmus ehf, heildverslun, Dalbrekku 2

### GARÐABÆR

Álheimar ehf, Vesturhrauni 3
Bílasprautun Íslands ehf, Lyngási 12
First Class ehf, Móaflöt 20
Garðabær, Garðatorgi 7
Garðasókn, Kirkjuhvoli
GJ bílahús, Suðurhrauni 3
Hjallastefnan ehf, Lyngási 11
Loftorka ehf, Miðhrauni 10
Okkar bakarí ehf, Iðnbúð 2
Samhentir, Suðurhrauni 4
Smurstöðin Garðabæ ehf, Litlatúni 1
Val - Ás ehf, Suðurhrauni 2
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

### HAFNARFJÖRÐUR

Aflhlutir ehf, Drangahrauni 14
Apótek Hafnarfjarðar, Tjarnarvöllum 11
Efnamóttakan hf, Berghellu 1
EÓ-Tréverk sf, Háabergi 23
Essei ehf, Hólshrauni 5
Fjarðargrjót ehf, Furuhlíð 4
Fjarðarkaup ehf, Hólshrauni 1
Geymsla Eitt ehf, Steinhellu 15
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Hella ehf, málmsteypa, Kaplahrauni 5
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Ican-Beykireykt þorsklifur ehf, Fornubúðum 5
Matbær ehf, Reykjavíkurvegi 72
Músik og Sport ehf, Reykjavíkurvegi 60
Norri ehf, Berjavöllum 1
Pappír hf, Kaplahrauni 13
Rótor ehf, verkstæði – verslun, s: 555 4900, Helluhrauni 4
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Snittvélin ehf, Brekkutröð 3
Stoðtækni ehf, Lækjargötu 34a
Strendingur ehf, Fjarðargötu 13 -15
Sæli ehf, Smyrlahrauni 17
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf, Reykjavíkurvegi 60
Umbúðamiðlun ehf, Fornubúðum 3
Útvík hf, Eyrartröð 7-9
Veislulist - Skútan, Hólshrauni 3
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkvík - Sandtak ehf, Rauðhellu 3
Víðir og Alda ehf, Reykjavíkurvegi 52a
Vogabær hf, Eyrartröð 2a
VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
Þvottahúsið Faghreinsun, Reykjavíkurvegi 68

### ÁLFTANES

Dermis Zen slf, Miðskógum 1
Eldvarnarþjónustan ehf, Sjávargötu 13

### REYKJANESBÆR

ÁÁ verktakar ehf, s: 421 6530 & 898 2210, Fitjabraut 4
B & B Guesthouse, Hringbraut 92a
Dacoda ehf, Krossmóa 4a
DMM Lausnir ehf, Hafnargötu 91
Lyfta ehf, Njarðarbraut 1k
M² Fasteignasala & Leigumiðlun, Hólmgarði 2c
Netaverkstæði Suðurnesja ehf, Brekkustíg 41
Pulsuvagninn í Keflavík
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Skipting ehf, Grófinni 19
Skólamatur ehf, Iðavöllum 1
Sporthúsið Reykjanesbæ, Flugvallarbraut 701
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli
Toyota Reykjanesbæ
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Hafnargötu 90
Vökvatengi ehf, Fitjabraut 2
Ýmir ehf, Mávatjörn 20

### GRINDAVÍK

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Eldfjallaferðir ehf, Víkurbraut 2
EVH verktakar ehf, Tangasundi 3
Maron ehf, Steinási 18
Sílfell ehf, Skipastíg 13
Veitingastofan Vör ehf, Hafnargötu 9
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

### GARÐUR

Amp rafverktaki ehf, Iðngörðum 4
Aukin Ökuréttindi ehf, Ósbraut 5
Útskálakirkja, Útskálum

### MOSFELLSBÆR

Elmir-teppaþjónusta ehf, Arnartanga 52
Fagverk verktakar sf, Spóahöfða 18
Garðagróður ehf, Reykjum II
Mosfellsbakarí, Háholti 13-15
Nonni litli ehf, Þverholti 8
Reykjabúið ehf, Suðurreykjum 1
Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar, Skeljatanga 20
Sjöund slf, Uglugötu 7
Vélsmiðjan Sveinn ehf, Flugumýri 6

### AKRANES

Bílver, bílaverkstæði ehf, Innnesvegi 1
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 12
Galito veitingastaður, Stillholti 16-18
Gámaþjónusta Vesturlands ehf, Höfðaseli 15
MVM ehf, Kirkjubraut 12
Skaginn hf, Þorgeir og Ellert
Straumnes ehf, rafverktakar, Jörundarholti 101

### BORGARNES

Bifreiðaþjónusta Harðar ehf, Borgarbraut 55
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Landnámssetur Íslands, Brákarbraut 13-15
Límtré Vírnet ehf, Borgarbraut 74
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Bjarnarbraut 8
SÓ húsbyggingar ehf, Sólbakka 27
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf, Sólbakka 5

### REYKHOLT

Garðyrkjustöðin Sólbyrgi

### GRUNDARFJÖRÐUR

Kvenfélagið Gleym-mér-ei
Þjónustustofan ehf, Grundargötu 30

### ÓLAFSVÍK

Fiskmarkaður Íslands hf, Norðurtanga
Litlalón ehf, Skipholti 8
Steinunn ehf, Bankastræti 3

### HELLISSANDUR

Esjar ehf, Hraunási 13
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, Klettsbúð 4
Skarðsvík ehf, Helluhóli 1

### REYKHÓLAHREPPUR

Þörungaverksmiðjan hf

### ÍSAFJÖRÐUR

Harðfiskverkun Finnboga, s: 456 3250, Sindragötu 9
Samgöngufélagið-www.samgongur.is

### BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður
Flugrúta Bolungarvík, Aðalstræti 20
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17
Vélvirkinn sf, Hafnargötu 8

### SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

### PATREKSFJÖRÐUR

Einherji ehf, Mýrum 15
Nanna ehf, Vöruflutningar, Hafnarsvæði
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð, Eyrargötu 1

### TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði, Strandgötu 40
Kvenfélagið Harpa - Tálknafirði
Þórsberg hf, Strandgötu 25

### ÞINGEYRI

Skjólskógar á Vestfjörðum, Fjarðargötu 2

### STAÐUR

Kvenfélagið Iðunn, Borðeyri

### BLÖNDUÓS

Húnavatnshreppur, Húnavöllum
Kvenfélag Svínavatnshrepps
Ljón norðursins kaffihús & Blönduból gistiheimili, Blöndubyggð 9
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga, Þverbraut 1
Sveitabakarí sf, Auðkúlu 1

### SKAGASTRÖND

Marska ehf, Höfða
Skagabyggð, Höfnum
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3

### SAUÐÁRKRÓKUR

Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Króksverk ehf, Borgarröst 4
Ó.K. Gámaþjónusta-sorphirða ehf, Borgarflöt 15

Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

HÓLMADRANGUR

112
NEYÐARNÚMERIÐ
í 20 ÁR

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

BBA

P
BÍLASTÆÐASJÓÐUR

BRIM
SEAFOOD

ALCOA

ASÍ
Alþýðusamband Íslands

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

GINGER

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakki 6 109 Reykjavík

belladonna
Skeifunni 8, 108 Reykjavík

HB GRANDI

Góa
Stofnað 1968

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
www.fit.is

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

ICEWEAR
ICELAND
www.icewear.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

# FJÁRÖFLUN



## Barnaheill

eru frjáls félagasamtök sem reiða sig alfarið á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Fjáröflun samtakanna er því grunnurinn að rekstrinum. Nokkur fjáröflunarverkefnanna fara fram árlega, meðal annars söfnun Heillavina sem styrkja samtökin með mánaðarlegu framlagi, sala minningarkorta, Út að borða fyrir börnin, sala jólakorta og Jólapeysan. Jólapeysan var haldin í þriðja sinn á árinu 2015. Safnað var fyrir sýrlenskum flóttabörnum með áherslu á móttöku og mannúðaraðstoð fyrir þau og fjölskyldur þeirra í móttökulöndunum við Sýrland. Saga Garðarsdóttir, leikkona, var andlit Jólapeysunnar 2015. Átakið vakti að vonum athygli og var meðal annars fjallað var um það í Jólavöku RUV. Fólk skráði sig til leiks á jolapeysan.is og hvatti vini og vandamenn til að heita á sig. Auk þess að safna áheitum gat fólk tekið þátt í jólapeysukeppni. Valdar voru bestu peysurnar í fimm flokkum; ljótustu jólapeysunni, fallegustu jólapeysunni, frumlegustu jólapeysunni, bestu endurvinnslujólapeysunni og vinsælustu jólapeysunni. Már Guðmundsson, formaður dómnefndar, Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla og Herdís Ágústa Linnet, formaður ungmennaráðs samtakanna afhentu verðlaunin á Petersen svítu undir lok átaksins.





**Verðlaunahafar í verðlaunapeysunum ásamt dómnefnd, frá vinstri Herdís Ágústa Linnet, Erna Reynisdóttir, Hjördís Alda Hreiðarsdóttir í bestu endurvinnslupeysunni, Alexander Kristján Sigurðsson í vinsælustu peysunni, fulltrúi Gallerí Gimli í frumlegustu jólapeysunni, Bryndís Björk Arnardóttir með dóttur sína í fallegustu jólapeysunni, Helga Björk Hauksdóttir í ljótustu jólapeysunni og Már Guðmundsson. Á myndina vantar Hrafn Jökulsson, rithöfund, og Sögu Garðarsdóttur, leikkonu, sem einnig sátu í dómnefnd inni.**








**Seðlabankastjóri ásamt Gunnari Sigurðarsyni í jólapeysum.**

## Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

Sjúkraþjálfun Sigurveigar ehf, Aðalgötu 20

### VARMAHLÍÐ
Akrahreppur Skagafirði

### SIGLUFJÖRÐUR
Fjallabyggð, Gránugötu 24

### AKUREYRI
AUTO ehf, bílapartasala, Setbergi

ÁK smíði ehf, Njarðarnesi 4

Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b

Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf, Fjölnisgötu 2a

Blikk- og tækniþjónustan ehf, Kaldbaksgötu 2

Félag verslunar- og skrifstofufólks, Skipagötu 14

Fjölumboð ehf, Strandgötu 25

Framtal sf, Kaupangi Mýrarvegi

Geimstofan ehf, auglýsingastofa og skiltagerð, Glerárgötu 34b

Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is, Smáratúni 16b

Grófargil ehf, Glerárgötu 36

Hvítspói, art studio, Brekkugötu 3a

Höldur ehf, bílaleiga, Tryggvabraut 12

Ísgát ehf, Ævintýri og útivist með þínum

Jafnréttisstofa, Borgum v/Norðurslóð

Kollgáta ehf, Kaupvangsstræti 29

Kraftbílar ehf, Draupnisgötu 6

Kung Fu Express, Brekkugötu 3

Meðferðarheimilið Laugalandi

Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf, Melateigi 31

Raftákn ehf - Verkfræðistofa, Glerárgötu 34

Samherji ehf, Glerárgötu 30

Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi

Skútaberg ehf, Sjafnarnesi 2-4

Steypusögun Norðurlands ehf, Víðivöllum 22

Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Mýrarvegi

Timbra ehf,byggingarverktaki, Vaðlatúni 1

Urtasmiðjan ehf-www.urtasmidjan.is, s: 462 4769, Fossbrekku

### GRENIVÍK
Grýtubakkahreppur

### GRÍMSEY
Sæbjörg ehf, Öldutúni 3

### DALVÍK
Bruggsmiðjan Kaldi ehf, Öldugötu 22

EB ehf, Gunnarsbraut 6

Vélvirki ehf, verkstæði, Hafnarbraut 7

### HRÍSEY
Eyfar ehf, Norðurvegi 35

### HÚSAVÍK
Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66

Fatahreinsun Húsavíkur sf, Túngötu 1

Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf, www.fjallasyn.is, Smiðjuteigi 7

Gistiheimilið Sigtún ehf-www.gsigtun.is, Túngötu 13

Heimabakarí Húsavík, Garðarsbraut 15

Skóbúð Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 13

Víkurraf ehf, Garðarsbraut 18a

### MÝVATN
Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

Vogar, ferðaþjónusta, Vogum

### KÓPASKER
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, Skinnastað

### RAUFARHÖFN
Önundur ehf, Aðalbraut 41a

### EGILSSTAÐIR
Ágúst Bogason ehf, Dynskógum 15

Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf, Miðvangi 2-4

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1

Klausturkaffi ehf, Skriðuklaustri

Miðás ehf, Miðási 9

PV-pípulagnir ehf, Lagarbraut 4

Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf, Fagradalsbraut 11

Snyrtistofan Alda, Tjarnarbraut 19

### SEYÐISFJÖRÐUR
Gullberg ehf, útgerð, Hafnargötu 47

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

### REYÐARFJÖRÐUR
Hárstofa Sigríðar ehf, Austurvegi 20a

Krana- og gröfuleiga Borgþórs ehf, Hæðargerði 4

Tærgesen, veitinga- og gistihús

### ESKIFJÖRÐUR
Eskja hf, Strandgötu 39

### NESKAUPSSTAÐUR
Haki ehf verkstæði, Naustahvammi 56a

Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6

Verkmenntaskóli Austurlands, Mýrargötu 10

### FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

### STÖÐVARFJÖRÐUR
Brekkan - Verslun og veitingastofa, Fjarðarbraut 44

### DJÚPIVOGUR
Berunes farfuglaheimili ehf, Berunesi 1

### HÖFN Í HORNAFIRÐI
Funi ehf, sorphreinsun, Ártúni

Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27

Þingvað ehf, byggingaverktakar, Tjarnarbrú 3

Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

### SELFOSS
Árvirkinn ehf, Eyravegi 32

Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3

Bókaútgáfan Björk, Birkivöllum 30

Eðalbyggingar ehf, Háheiði 1

Flóahreppur, Þingborg

Fossvélar ehf, Hellismýri 7

Garðyrkjustöðin Heiðmörk, Laugarási

Guðmundur Tyrfingsson ehf, Fossnesi C

Hótel Geysir, Haukadal

Hótel Gullfoss, Brattholti

Jáverk ehf, Gagnheiði 28

Kvenfélag Gnúpverja

Písl ehf, Grenigrund 13

Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann

Renniverkstæði Björns Jensen ehf, Háheiði 6

Reykhóll ehf, Reykhóli

Set ehf, röraverksmiðja, Eyravegi 41

Suðurtak ehf, Brjánsstöðum 2

Veitingastaðurinn Menam, Eyravegi 8

### HVEWRAGERÐI
Hótel Örk, Breiðumörk 1c

Kjörís ehf, Austurmörk 15

Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21

### ÞORLÁKSHÖFN
Bergverk ehf, Heinabergi 21

Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1

Þorlákskirkja

### ÖLFUS
Eldhestar ehf, Völlum

### STOKKSEYRI
Fjöruborðið, Eyrarbraut 3a

### FLÚÐIR
Fögrusteinar ehf, Birtingaholti 4

Hrunamannahreppur

### HELLA
Hestvit ehf, Árbakka

Trésmiðjan Ingólfs ehf, Freyvangi 16

### HVOLSVÖLLUR
Búaðföng-bu.is, Stórólfsvelli

### VÍK
Hótel Katla, Höfðabrekku

Mýrdælingur ehf, Suðurvíkurvegi 2

### KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
Geirland ehf, hótel og veitingarekstur

Hótel Laki, Efri-Vík

Systrakaffi ehf, Klausturvegi 13

### VESTMANNAEYJAR
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf, Flötum 31

Bragginn sf, bílaverkstæði, Flötum 20

D.Þ.H ehf, sjúkraþjálfun, Hólagötu 12

Hótel Vestmannaeyjar, Vestmannabraut 28

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Skólavegi 2

Ós ehf, Illugagötu 44

Salka, Bárustíg 9

Skýlið, Friðarhöfn

Útgerðarfélagið Már ehf, Illugagötu 46

Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu

Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á
heilbrigðum tönnum

ÍSLENSKA/SIA.IS ICG 71660 11/14




Íslensk ferðaþjónusta er sú atvinnugrein landsins sem er í örustum vexti og við erum stolt af framlagi okkar til uppbyggingar ferðaþjónustu um land allt.

ICELANDAIR FJÁRVAKUR IGS Iceland Travel Icelandair Hotels Flugfélag Íslands Icelandair Cargo Loftleiðir Icelandic Vita ICELANDAIR GROUP

# VIÐ ERUM BARNAHEILL



**Stjórn Barnaheilla 2016:**

**María Sólbergsdóttir, Jón R. Jónsson, Már Másson, Ólafur Ó. Guðmundsson, Atli Þ. Albertsson, Kolbrún Baldursdóttir, formaður, Sigríður Olgeirsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Anni Haugen, Herdís Á. Kristjánsdóttir Linnet, formaður ungmennaráðs og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri. Á myndina vantar Hörpu Rut Hilmarsdóttur.**

## Um okkur

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í yfir 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mann-réttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög.

Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar.

**Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is.**

Samtökin eru einnig með viðveru á samfélagsmiðlunum **Facebook, Twitter og Instagram**.



**STARFSFÓLK:**
**Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna, Þóra Jónsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri, Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri og Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála.**

Eftirtaldir aðilar hafa lagt Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið til að gefa þetta blað út

| | | |
|---|---|---|
| HS ORKA | Hvalur hf. | ORKAN |
| N1 | Landsvirkjun | init |
| KRÓNAN | KENNARASAMBAND ÍSLANDS | PIZZA ROYAL |
| mentis cura | STEYPUSTÖÐIN Sterkari lausnir | keldan |
| samskip | RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS | Póst dreifing |
| Domino's | SALTKAUP EHF | SÆTRAR |




# Of mikið sumar?

## Flynise – 24 klukkustunda virkni við ofnæmi

**Notkun:** Flynise inniheldur virka efnið deslóratadín 5 mg og er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmisnefkvefs og ofsakláða. Lyfið veldur ekki syfju. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 1 tafla á dag. **Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára.** Töfluna má taka með eða án fæðu. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Flynise skal nota með varúð ef um er að ræða alvarlega skerta nýrnastarfsemi. Notkun lyfsins er ekki ráðlögð á meðgöngu og/eða við brjóstagjöf. **Aukaverkanir:** Lyfið þolist almennt vel en eins og á við um öll lyf geta komið fram aukaverkanir en það gerist þó ekki hjá öllum. Algengustu aukaverkanirnar umfram lyfleysu eru þreyta (1,2%), munnþurrkur (0,8%) og höfuðverkur (0,6%). Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. **Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Markaðsleyfishafi: Actavis Group PTC ehf. Janúar 2016

Actavis

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / Actavis 612062